



Fjöldi fólks, vinir og vandamenn, leitaði að Birnu Brjánsdóttur í Hafnarfirði í gær. Birna sást síðast aðfaranótt laugardagsins. Rannsókn lögreglu hefur litlu skilað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Árangurslaus leit að tvítugum Reykvíkingi

Ekkert hefur spurst til Birnu Brjánsdóttur síðan aðfaranótt laugardagsins. Leit vina og vandamanna í gær skilaði ekki árangri. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skoðaði upptökur úr eftirlitsmyndavélum og símagögn nær sleitulaust í gær.

SAMFÉLAG Vinir, skyldmenn og velunnarar leituðu í gær að Birnu Brjánsdóttur en ekkert hefur spurst til ferða hennar í tvo sólarhringa. Ekki þótti unnt að hefja allsherjarleit í gær.

Birna er fædd 1996, rauðhærð, 170 sentimetrar á hæð og um 70 kíló. Hún var klædd í svartar gallabuxur, gráa peysu, svartan flísjakka með hettu og svarta Dr. Martens skó þegar síðast sást til hennar. Það var þegar hún fór út af skemmtistaðnum Húrra um klukkan fimm á laugardagsmorgun. Unnt var að rekja ferðir síma hennar í Flatahraun í Hafnarfirði en síðan hefur verið slökkt á honum. Í upphafi leitaði fólk því í Hafnarfirði en einnig var leitað í Öskjuhlíð og Heiðmörk.

Lögreglu- og björgunarsveitarmenn hafa hingað til ekki tekið þátt í leitinni þar sem talið var að skortur væri á vísbendingum um ferðir Birnu. Þó að sími hennar



Birna Brjánsdóttir

hafi sent frá sér merki í Hafnarfirði sé engin leið að vita hvort hún hafi verið þar á ferð, hvort hún hafi verið fótgangandi eða í bíl, eða símanum hafi hreinlega verið stolið.

Í stöðuuppfærslu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem birtist á tíunda tímanum í gærkvöldi, var ítrekað að enn væri lýst eftir Birnu. Málið væri í algerum forgangi og

hefðu starfsmenn embættisins skoðað upptökur úr eftirlitsmyndavélum og símagögn nær sleitulaust í allan gærdag. Fundað var um málið í gærkvöldi til að ákveða næstu skref.

„Sá möguleiki er fyrir hendi að símanum hennar hafi verið stolið. Síðustu skilaboð úr honum voru send klukkan 3 en hann sendir síðan frá sér merki í Hafnarfirði rúmum tveimur tímum síðar,“ segir Sigurlaug Hreinsdóttir, móðir Birnu. Að sögn Sigurlaugar sást til dóttur hennar ganga upp Laugavegin skömmu eftir að hún fór af Húrra en það fæst ekki staðfest af lögreglu.

„Þetta er úr karakter að hverfa svona. Hún er alltaf „online“ og í samskiptum við vinkonur sínar. Það er yfirleitt ekkert mál að ná í hana ef maður þarf,“ segir Sigurlaug. Lögregla biður þá sem hafa upplýsingar um ferðir Birnu að hafa samband í síma 444-1000. – jõe

Skorar á nýjan ráðherra

KJARAMÁL Formaður BSRB segir stjórnvöld hafa brugðist trausti opinberra starfsmanna þegar þau ákváðu að hunsar samkomulag sem gert var við samtök opinberra starfsmanna um lífeyrismál. „Það tekur langan tíma og mikla vinnu að byggja upp traust en aðeins eitt augnablik að glata því niður. Hafi ný ríkisstjórn einhvern áhuga á því að auka

efnahagslegan og félagslegan stöðugleika með því að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga er ljóst hvert fyrsta skrefið þarf að vera,“ segir Elin Björg Jónsdóttir í aðsendsri grein í Fréttablaðinu í dag. Nýr fjármálaráðherra þurfi að koma í gegn breytingum á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna. – jhh / sjá síðu 12



Elin Björg Jónsdóttir, formaður BSRB

Fréttablaðið í dag

SKODUN Guðmundur Andri skrifar um aflandsfélög. **13**

SPORT Strákarnir okkar spiluðu tvo hörkuleiki um helgina. **15-18**

MENNING Freyja Reynisdóttir opnaði sýninguna Sögur í Listasafni Akureyrar. **22**

LÍFIÐ Dansverkið Gírrrils eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og stóran hóp af unglingsstelpum verður sýnt í Tjarnarbíói á fimmtudaginn. **30**

● **PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK**
● **FASTEIGNIR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

Veður



Hvöss suðvestanátt á landinu í dag. Eljagangur um landið vestanvert, en yfirleitt þurr og bjart fyrir austan. Dregur heldur úr vindi í kvöld. **SJÁ SÍÐU 20**

Óvissa með formennsku í fastanefndum

STJÓRN MÁL Ekki er tímabært að ræða formannskiptingu í fastanefndum Alþingis að mati þingflokksformanns Pírata og formanns Samfylkingarinnar. Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins segir að ekki sé skylt að skipta formannstólum jafnt á milli flokka.

„Það liggur ekkert fyrir ennþá. Þingflokksformenn munu hittast í næstu viku og þá verður farið yfir þetta,“ segir Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata.



Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

Í Fréttablaðinu síðastliðinn fimmtudag sagði Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, að hann teldi að minnihlutinn ætti að hljóta formennsku í helmingi af fastanefndunum átta. Stjórnarflokkarnir ætla sér hins vegar formennsku í sex nefndum. Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, vísaði í þingskaparlög þegar hann var spurður út í efnið.

„Það er aðeins yfirlýsing þeirra en þingsköp gætu kveðið á um annað,“ segir Logi Már. „Sé það raunin verður meirihlutinn að semja sig frá þeim eða bakka með yfirlýsinguna.“

Árið 2011 var ákvæðum þingskapa um fastanefndir breytt á þann veg að formannssætum skuli almennt skipt eftir þingstyrk flokka. Í meðförum þingsins var þeirri undantekningu bætt við að víkja mætti frá reglunni „til að samstarf þingflokka endurspeglar í nefndum“. – jõe

8

fastanefndir starfa á Alþingi.

Keppt á Tuddanum í Digranesi



Keppt var til úrslita á Tuddanum 2017, Íslandsmeistaramótinu í Counter-Strike, í Digranesi um helgina. Alls skráðu 240 keppendur sig til leiks og hófst keppnin á föstudagskvöld. Úrslitin réðust hins vegar í gær en voru ekki orðin ljós þegar Fréttablaðið fór í prentun. **FRÉTTABLAÐID/EYFÖR**

Kínverjar semja ekki um Taívan

KÍNA Lu Kang, utanríkisráðherra Kína, hafnar því alfarið að Taívan muni koma til tals í viðræðum við bandarísk stjórnvöld um viðskipti á milli landanna tveggja. Donald Trump, verðandi forseti Bandaríkjanna, sagði í síðustu viku að hægt væri að semja um allt. Meðal annars stefnu Bandaríkjanna um eitt Kína.

Bandaríkin hafa frá árinu 1979 viðurkennt Kínverja sem eigendur Taívans. Taívanar líta hins vegar á sig sem sjálfstæða þjóð.

Athygli vakti á dögunum þegar Trump tók við símtali frá forseta Taívans. Slíkt þótti ganga í berhögg við stefnuna um eitt Kína. Var það í fyrsta sinn sem bandarískur forseti eða verðandi forseti talaði við taivanskan kollega sinn í um fjóra áratugi.

Þá hefur Trump sagst óbundinn af stefnunni um eitt Kína ef Kínverjar vilja ekki semja um hagstæðari kjör fyrir Bandaríkin. – þea

Sendiherrann kennir hafnabolta á Íslandi

Hópur fólks hittist reglulega í Laugardalnum til að læra hafnabolta. Robert Barber, fráfari sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, mætti með mól af Fenway-leikvanginum. Aukinn kraftur verður settur í æfingarnar í vor og sumar.

SAMFÉLAG Um 30 manns komu saman í Laugardalnum á laugardaginn til að taka þátt í hafnaboltaæfingu sem þar fór fram. Þetta er í þriðja sinn í vetur sem hópur fólks á ólíkum aldri hefur hist til þess að prófa þessa íþrótt, sem er Íslendingum nokkuð framaði.

Upphafið að æfingunum má rekja til þess að Þórlindur Kjartansson og Bergur Ebba Benediktsson stofnuðu Samtök íslenskra hafnaboltaáhugamanna fyrir um ári, þegar þeir komust að því að þeir höfðu báðir áhuga á íþróttinni. Þrjátíu manns eru í Facebook-hóp sem þeir stofnuðu í framhaldinu og mæta þeir sem eru í hópnum á æfingarnar.

Á þessari stundu liggur ekki alveg fyrir hvenær fjórða æfingin fer fram. „Við verðum að bera einhverja virðingu fyrir náttúröflunum og árstíðunum en þetta hefur gengið í desember og janúar. Svo við sjáum til hvort við gerum ekki eitthvað í febrúar og mars en alveg klárlega gerum við þetta reglulega þegar fer að vora og í sumar,“ segir Þórlindur í samtali við Fréttablaðið.

Rob Barber, fráfari sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, er mikill hafnaboltaáðandi og hefur tekið þátt í æfingunum hér. Asamt honum hafa Eric Mayer og Raj Bonifacius leiðbeint hópnum um undirstöðuatriðin og skipulagt leiki sem tengjast íþróttinni. Þórlindur segir að bæði börn og fullorðnir hafi haft nóg fyrir stafni. Hópnum sé skipt upp þannig að börnin fái sérstaka kennslu á meðan þeir eldri spreya sig á leiknum. Sendiherrann hafi svo séð um að leiðbeina yngri kynslóðinni af einstakri natni og þolinmæði.



Rob Barber, fráfari sendiherra Bandaríkjanna, mætti með mól af hinum sögufræga Fenway-leikvangi í Boston.

» Upphafið má rekja til þess að Þórlindur Kjartansson og Bergur Ebba stofnuðu Samtök íslenskra hafnaboltaáhugamanna.

Undir lok æfingarinnar á laugardaginn dró sendiherrann fram litla pyngju þar sem í var að finna mól af hinum sögufræga Fenway-leikvangi í Boston. Þórlindur segir að mölinni

hafi verið dreift um æfingasvæðið til blessunar og helgunar.

Þórlindur segir að vestanhafs þjóni hafnaboltaíþróttin sama hlutverki og lóan á Íslandi. „Hún er vorboðinn ljúfi sem markar endalok vetrarins og sæta langa sumardaga,“ segir hann og bætir við að Samtök íslenskra hafnaboltaáhugamanna hafi auglýst æfingarnar á Facebook-síðu sinni og allir séu velkomnir að prófa næst þegar æfingar verði haldnar. jonhakon@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) **23. janúar:** 8 mánudagar frá 20-23

ÚRSPILIÐ (stig 3) **25. janúar:** 8 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Allir geta lært að spila en það tekur svolítt tíma í byrjun að komast af stað. Á námskeiðinu er farið yfir leikreglur og grundvallarsagnir í hinu vinsæla Standard-sagnkerfi. Ekkert mál að koma stakur/stök.

STIG 3 Sögnum er lokið og útspilið komið á borðið. Þá er að standa við stóru orðin! Hvernig á að leggja á ráðin og spila eins og sannur meistari. Um það snýst námskeiðið. Ekkert mál að koma stakur/stök.

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN

Í SÍMA **898-5427** Á NETINU **bridge.is**



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

AURIS

Skapaður fyrir þig

LÁTTU HJARTAÐ
RÁÐA FÖR



Auris – verð frá: 2.970.000 kr.
Auris Hybrid – verð frá: 3.290.000 kr.

FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

• Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Engar ákvarðanir verið teknar um fund Trumps og Pútíns

UTANRÍKISMÁL Misvísandi fréttir af mögulegum leiðtogafundi Donalds Trump, verðandi Bandaríkjaforseta, og Vladímírs Pútín Rússlandsforseta, sem fara ætti fram í Reykjavík, birtust í erlendum miðlum í gær.

Breska blaðið The Sunday Times sagði að starfsfólk Trumps undirbyggi nú fundinn en Sean Spicer, fjölmiðlafulltrúi Trumps, segir þetta hins vegar fjarri sanni. Heimildarmenn Reuters úr herbúðum Trumps sögðu einnig að fréttin væri röng.

Financial Times greindi hins vegar frá því að það væru menn Pútíns sem hefðu slíkan fund í huga og ynnu að honum. „Fyrsti fundurinn ætti hvorki að fara fram í Rússlandi né Bandaríkjunum heldur í óháðu landi,“ hefur Financial Times eftir ónefndum heimildarmanni í herbúðum Pútíns.

„Sá staður er klárlega ekki London og ekki Þýskaland heldur. Þau lönd eru of óvinveitt Rússlandi. Fundurinn gæti ekki verið í Frakk-



Donald Trump, verðandi Bandaríkjaforseti

landi, það væri óviðeigandi í ljósi komandi kosninga þar í landi. Hvað með Ísland?“ er enn fremur haft eftir huldumanninum.

Rússneska fréttastofan RT greindi



Vladímír Pútín, Rússlandsforseti

hins vegar frá því að fréttir af slíkum fundi væru tilraun Breta til þess að grafa undan Trump. Þá sagði talsmaður Pútíns, Dmitrý Peskov, í samtali við fréttaveituna RIA að engar

viðræður um slíkan fund hefðu átt sér stað.

Ef af fundinum verður kallast staðarvalið á við leiðtogafund Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhails Gorbatsjov, leiðtoga Sovétríkjanna, árið 1986. Sá fundur fór fram í Höfða.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sagði í samtali við fréttastofu í gær að stjórnmöld væru jákvæð gagnvart slíkum fundi ef til hans kæmi. – þea



Allt tiltækt lið slökkviliðsins var kallað út í fyrrið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eldsupptök eru ókunn

BRUNI Mildi þykir að ekki varð stórbruni þegar eldur kom upp í verslunarhúsnæði að Smíðjuvegi 2 í Kópavogi í fyrrið. Þrátt fyrir að húsnæðið sé skráð iðnaðarhúsnæði hafa þó nokkrir einstaklingar búsetu þar en þegar eldurinn kom upp voru um tólf til fimmtán einstaklingar í íbúðunum sem allir þurftu að flyja út vegna brunans.

Allt tiltækt lið Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var kallað út auk slökkviliðsmanna á frivakt. Eldsins varð vart þegar öryggisvörður átti leið um svæðið. Fjölbreytt starfsemi er í húsnæðinu, meðal annars húsgagnaverslun og veitingastaðir, apótek og matvöruverslun.

Slökkvistarf tók um þrjár klukkustundir en miklar skemmdir eru á húsnæðinu og innanstokksmunum. Ekki er vitað um eldsupptök. – jk

Serbar verja hverja tommu

SERBÍA Tomislav Nikolic, forseti Serbíu, sakar Kósóvóa um að sækjast eftir stríði og segir Serba verja hverja tommu af Kósóvó, sem þeir ásælast.

Þetta sagði hann eftir að lest, málaðri með slagorðinu „Kósóvó er Serbía“, var meinað að fara yfir landamærin inn í Kósóvó. Yfirvöld þar segja ferðlestarinnar hafa verið til þess að ögra. Forsætisráðherra Isa Mustafa sagði blaðamönnum að lestin hefði verið stöðvuð til að verja sjálfstæði landsins. Hann sagði enn fremur að hann myndi senda serbneska herinn til Kósóvó til að verja serbneska borgara. – þea

FERÐAÞJÓNUSTA Met verður slegið í komum skemmtiferðaskipa til Íslands á árinu en alls hefur verið bókað bryggjupláss fyrir 71 skemmtiferðaskip í Reykjavík í 134 heimsóknnum. Með þeim verða rúmlega 128 þúsund farþegar og um 56 þúsund áhafnarmedlimir. Á síðasta ári komu 58 skemmtiferðaskip til hafnar í Reykjavík í 112 heimsóknnum. Farþegarnir voru rúmlega 109 þúsund og höfðu þá aldrei verið fleiri á einu ári.

Við sjáum fjölbreyttari flóru skipa sem koma hingað eins og snekkjur og minni lúxusskip auk rannsóknarskipa.

Björn Einarsson, framkvæmdastjóri TVG-Zimsen



Björn Einarsson er framkvæmdastjóri TVG-Zimsen en fyrirtækið, ásamt dótturfyrirtækinu Gáru, sér um að þjónusta langflest skemmtiferðaskip sem hingað koma. Hann segir að fjölgunin hafi verið stigvaxandi ár frá ári undanfarið og þessi þróun haldi áfram.

„Útlit er fyrir enn meiri fjölgun á árinu 2018 og erlendar skipaútgærdir eru þegar byrjaðar að panta bryggjupláss á næsta ári. Það er mjög mikill áhugi á Íslandi hjá skipaútgærdum um allan heim og hann er sífellt að aukast. Ísland og norðurslóðir hafa mikið aðdráttarafl og það er mikilvægt að nýta það vel og með faglegum hætti,“ segir Björn og bætir við að þetta séu ekki aðeins risastór skemmtiferðaskip.



Ekkert lát er á vinsældum Íslands og þeim fjölgar sem koma hingað til lands með skemmtiferðaskipum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við sjáum fjölbreyttari flóru skipa sem koma hingað eins og snekkjur og minni lúxusskip auk rannsóknarskipa. Þetta er búið að vera mjög viðburðaríkt ár og meira en nóg að gera hjá Gáru og TVG-Zimsen að þjónusta öll þessi skip. Þetta er mjög spennandi þróun og það er okkar mat og sýn að það séu

mikil tækifæri hvað þetta varðar,“ segir hann.

Björn segir að skemmtiferðaskipin sem koma hingað til lands séu ekki einungis að sækja höfuðborgina heim heldur sigli mörg þeirra meðfram landinu og hafi viðkomu á fleiri stöðum. „Þetta er að sjálfsögðu mjög jákvætt fyrir mörg byggðar-

lög á landsbyggðinni enda eru litlar hafnir að koma sífellt meira inn í þessar siglingar. Þetta hefur í för með að minni byggðarlög fá fleiri ferðamenn í heimsókn en ella sem skilar sér í aukinni verslun og þjónustu fyrir mörg þeirra og hefur því jákvæð efnahagsleg áhrif á byggðarlögin,“ segir hann. benediktboas@365.is

DODGE

Tilboð: 9.900.000 kr.
33" breyting að verðmæti 380.000 kr. fylgir með. Takmarkað magn.

DURANGO

Öflug 3.6 lítra 290 hestafla bensínvél, ABS hemlalæsivörn, stöðugleikastýring og spólvörn, 20" álfelgur, fjarstart, lykillaust aðengi, Alpine hljómfletningstæki, hraðastillir, rafstýrðar stillingar á stýrishjóli, Bluetooth handfrjáls búnaður, 8,4" snerti-/upplýsingaskjúr og akstursthóla, upphituð fram- og aftursæti, media hub fyrir SD kort, USB og AUX tengi, Blu-ray DVD kerfi með tveimur skjám og þráðlausum heyrnatólum, 9 hátalarar með bassaboxi, minni í bílstjórásæti, útvarpi og speglum, rafdrifin sóllúga, sjálfvirk 3ja svæða miðstöð með loftkælingu o.fl.

33" breyting kr 380.000

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Dodge á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.dodge.is - www.isband.is - isband@isband.is
Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15

EKKI BARA GÆÐI

ÖRYGGISSKÓR



16.900 m/vsk

Fullt verð 25.490

KULDA- JAKKI

EN471



15.900 m/vsk

Fullt verð 22.593

FLÍS- JAKKI



9.900 m/vsk

Fullt verð 14.816

VINNUBUXUR

EN471



15.900 m/vsk

Fullt verð 22.050

PRJÓNAHÚFA



1.290 m/vsk

Fullt verð 1.590

ÖRYGGISGLERAUGU



490 m/vsk

Fullt verð 782

BELTI SVART



1.990 m/vsk

Fullt verð 3.448

SMÍÐA- BUXUR



14.900 m/vsk

Fullt verð 19.633

VINNUGALLI



7.900 m/vsk

Fullt verð 10.990

PILOT- JAKKI



12.900 m/vsk

Verð frá 18.767



www.sindri.is | sími 567 6000
Skútuvoði 1, Reykjavík
Smíðjuvegi 1 grá gata, Kópavogi

SINDRI
VINNUFÖT



Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, vildi ekki fara til Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ekki áhugi á heimsókn til Kína

HAFNARFJÖRÐUR Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, þiggur ekki boð um heimsókn til kínversku borgarinnar Ganzhou. Honum barst boð þann 13. desember með tölvupósti frá utanríkisnefnd Ganzhou þar sem honum er boðið til borgarinnar til að halda áfram viðræðum um að gerast vinaborg Ganzhou. Borgaryfirvöld þar lýstu í boðinu hvað Hafnirfirðingar hefðu verið gestrisnir og hlýir þegar sendinefnd kom hingað til lands í október og lýstu yfir vilja til að ræða um áframhaldandi samstarf.

Í tölvupósti sem Haraldur sendi Sigríði Kristinsdóttur bæjarlögmanni segir að leggja þurfi erindið fyrir bæjarráð en það skuli ekki gert fyrr en eftir áramót. „Geri ráð fyrir að það sé ekki mikill áhugi fyrir þessu,“ endar Haraldur tölvupóstinn.

Á bæjarráðsfundi í síðustu viku var erindið borið upp og ákveðið að þiggja ekki boðið. – bb

Spánverjar á kafi í snjó



Það hefur snjóað óvenju mikið á norðurhluta Spánar að undanfögnu líkt og þessir íbúar þorpsins Espinal, í Baskahéraðinu Navarra, fengu að kynnst í gær. Snjónum hefur fylgt gifurlegur kuldi en þar sem kaldast er hefur hitastigið verið nálægt mínus tuttugu gráðum á Celsíus. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Á Háskólatorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þurfa meiri pening fyrir nærri tvöfaldan árgang

MENNTAMÁL Þar sem framhaldsskólanám hefur verið stýtt í þrjú ár munu flestir nemendur fæddir árin 1998 og 1999 útskrifast úr framhaldsskóla á sama tíma, haustið 2018. Þetta þýðir að ásókn í háskóla landsins gæti orðið nærri tvöfalt meiri en gengur og gerist það haustið.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, segir skólann hafa verið að undirbúa sig fyrir nærri tvöfalda innritun.

Miðað við forsöguna ætti skólinn þó að ráða við hana. „Í kjölfar hrunsins tókum við inn á einu bretti stóran hóp um áramót. Það gekk ágætlega,“ segir hann.

Þá bendir Jón Atli á að þótt flestir framhaldsskólar landsins hafi lokið innleiðingu nýrrar aðalnámsskrár skólaárið 2015 til 2016 hafi tveir skólar fengið undanþágu, Menntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn í Reykjavík. „Það þýðir að árgangurinn verður ekki alveg tvöfaldur heldur dreifist þetta aðeins meira. Við gerum þó ráð fyrir því að það verði mun stærri árgangur haustið 2018 en venjulega,“ segir Jón Atli.

Til undirbúnings hefur skólinn



Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

meðal annars farið yfir inntökukröfur sínar. „Það er það sem skiptir máli. Að nemendur uppfylli þær kröfur vegna þess að styttingin hefur mögulega áhrif á innihald náms,“ segir Jón Atli og bætir því við að ef inntak námsins sé gott og nemendur uppfylli kröfurnar ætti skólinn að ráða við stærð árgangsins.

Síðastliðið haust sófnuðust þúsundir undirskrifta þar sem skorað var á stjórnvöld að auka útgjöld til háskóla landsins. „Ef það verða mun fleiri nemendagildi mun þurfa sérstakan stuðning vegna þess. Við erum undirfjármögnuð og það þarf að spýta verulega í,“ segir Jón Atli.

Hann kveðst ekki hafa hitt nýjan menntamálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, eftir að hann tók við embætti, en vonast til að gera það fljótlega svo hægt sé að fara yfir málin. – þea

Telur ekki grundvöll fyrir rekstri Hamra

Framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Hamra í Mosfellsbæ telur ekki rekstrargrundvöll fyrir heimilinu að óbreyttu. Milljarða vantar inn í málaflökkinn frá ríkinu. Ráðherra segir 1,5 milljarða hafa verið setta aukalega í málaflökkinn á ári.

HEILBRIGÐISMÁL Allt að sjö milljarða vantar til öldrunarheimila landsins frá hinu opinbera eigi heimilin að uppfylla það þjónustustig sem landlæknisembættið telur eiga að vera, að mati Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Mörg öldrunar- og hjúkrunarheimili eru mjög illa sett fjárhagslega og mörg sveitarfélög hlaupa undir bagga með það sem upp á vantar, sem hið opinbera ætti í raun að greiða.

Á bæjarráðsfundi í Mosfellsbæ síðastliðinn fimmtudag var rekstrarvandi hjúkrunarheimilisins Hamra í Mosfellsbæ ræddur. „Allt frá upphafi starfsemi Hamra á síðari hluta árs 2013 hefur fjárhagslegur rekstur hjúkrunarheimilisins verið mjög erfiður. Daggjöld frá ríki hafa ekki hrokkið fyrir útgjöldum,“ segir í minnisblaði um rekstrarvanda Hamra sem var lagt fyrir bæjarráð.

Í minnisblaðinu er vitnað í yfirlýsingu framkvæmdastjóra Hamra, Sigurðar Rúnars Sigurjónssonar, sem segir að velferðarráðuneytið hafi hafnað erindi þeirra um leiðréttingu á ýmsum þáttum sem snéru að rekstrinum og að áfram verði ekki við unað. „Rekstrargrundvöllur fyrir heimilið er því ekki til staðar,“ segir Sigurður Rúnar.

Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra segir um einn og hálfan milljarð hafa verið settan í málaflökkinn aukalega á ársgrundvelli vegna árána 2016-2018.

„Það er stefna stjórnarinnar, eins og kemur fram í stjórnsáttmálanum, að gera betur í málaflökknum. Nýr rammasamningur var settur á laggirnar og öll hjúkrunarheimilin sögðu sig inn á þann samning,“ segir Óttarr. „Einnig hafa



„Allt frá upphafi starfsemi Hamra á síðari hluta árs 2013 hefur fjárhagslegur rekstur hjúkrunarheimilisins verið mjög erfiður,“ segir í minnisblaði um rekstur Hamra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það er stefna stjórnarinnar, eins og kemur fram í stjórnsáttmálanum, að gera betur í málaflökknum.

Óttarr Proppé, heilbrigðisráðherra



lífeyrisskuldbindingar verið teknar af þeim sem er heilmikill pakki. Því hefur margt verið gert en við ætlum að halda áfram og gera betur í málaflökknum.“

Pétur Guðmundsson, formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, segir kostnaðargreiningu á þjónustuþörf þeirri sem landlæknisembættið taldi æskilega hafa hljóðað upp á um 40.000 krónur fyrir daginn. Hins vegar greiði hið opinbera ekki nema um 27.000 krónur fyrir daginn. Því sé eðlilegt að mörg hjúkrunarheimili séu í vanda og standi illa fjárhagslega. sveinn@frettabladid.is

LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR

Útsölulok er laugardaginn 21. janúar

30-60% AFSLÁTTUR

af öllum vörum í eftirtöldum verslunum



FÁKAFEN 9 REYKJAVÍK



MÍÐHRAUN 4 GARÐABÆR



HAFNARSTRÆTI 106 AKUREYRI

OPIÐ • MÁNUDAG - LAUGARDAG 10:00-18:00

Netverslun [icewear.is](https://www.icewear.is) frí heimsending um allt land



*Afsláttur gildir á meðan birgðir endast

Segir öruggt að tillaga um ESB-atkvæðagreiðslu verði lögð fram

STJÓRN MÁL Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar, segir engan vafa á því að lögð verði fram þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna við Evrópusambandið síðar á kjörtímabilinu.

Í stefnuvirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar segir: „[K]omi fram þingmál um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið eru stjórnarflokkarnir sammála um að greiða skuli atkvæði um málið og leiða það til lykta á Alþingi undir lok kjörtímabilsins.“

Þá segir að stjórnarflokkarnir kunni að hafa ólíka afstöðu til málsins og virði það hver við annan.

Jón Steindór var gestur á Sprengisandi á Bylgjunni í gærmorgun. Hann sagði að niðurstaða stefnuvirlýsingar ríkisstjórnarinnar varðandi Evrópumál hefði verið ásættanleg. Þingmenn Viðreisnar hefðu metið stöðuna svo að flokkurinn kæmist ekki lengra með málið í ljósi ólíkrar stefnu ríkisstjórnarflokka.

„Þá ákváðum við eftir mikla umhugsun og eftir mikla umræðu innan okkar eigin flokks og margar tilraunir til að þoka þessu lengra, að

þetta væri niðurstaða í stjórnarsáttmálanum sem við gætum lifað við. Það er rétt að ítreka að þetta er ekki okkar óskaniðurstaða. Við máttum það þannig að við kæmumst einfaldlega ekki lengra.“

Jón Steindór sagðist leggja þann skilning í orðalagið „undir lok kjörtímabilsins“ að um væri að ræða síðasta ár kjörtímabilsins.

„Þetta er orðað þannig í stjórnarsáttmálanum að „komi fram“, það er eins og þarna sé einhver mistería um hvort einhverjum detti það í hug. Ég get þá bara upplýst það hér og nú að hún mun koma fram.“ – þþ



Jón Steindór er nýr þingmaður Viðreisnar. Hann situr hér milli Njáls Trausta Friðbertssonar og Björns Levis Gunnarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Getur reynst flókið að nýta rétt til læknismeðferðar erlendis

Einstaklingar eiga rétt á fullri greiðslu fyrir meðferð erlendis sé hún ekki í boði hér innan réttlætans tíma. Þúsundir hafa beðið lengur. Aðeins sjö hafa farið utan í aðgerð. Tæplega 4.000 bíða eftir augasteinsaðgerð hér.

HEILBRIGÐISMÁL Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að greiða fyrir læknismeðferð erlendis ef nauðsynleg meðferð eða aðgerð er ekki í boði hjá sérfræðingi innan réttlætanslegra tímamarka á Íslandi sem eru 90 dagar frá greiningu samkvæmt viðmiðunarmörkum landlæknis.

Reglugerð um rétt til meðferðar erlendis vegna langs biðtíma hér hefur verið í gildi frá því í maí 2012. Aðeins 21 umsókn hefur borist um læknismeðferð erlendis á grundvelli reglugerðarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands hafa sjö einstaklingar farið utan í gerviliðaaðgerð, fimm á mjöðm og tveir á hné. Fjórar umsóknir voru dregnar til baka en þremur umsóknum var hafnað þar sem skilyrði voru ekki uppfyllt. Sjö umsóknir eru í vinnslu.

Kostnaður Sjúkratrygginga vegna heilbrigðisþjónustu sem veitt var erlendis í þessum sjö tilfellum var frá 1,4 milljónum íslenskra króna upp í 3,4 milljónir. Aðgerðirnar sjö voru framkvæmdar í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi.

Samtals bíðu 493 einstaklingar eftir gerviliðaaðgerð á mjöðm í október 2016, þar af hafði 361 beðið lengur en 90 daga. Biðtíminn var í október 32 til 36 vikur en hann var mislangur eftir aðgerðastöðum, samkvæmt upplýsingum frá landlækniseimbættinu. Alls bíðu 804 einstaklingar eftir gerviliðaaðgerð á hné. Af þeim höfðu 633 beðið lengur en 90 daga. Biðtíminn í október 2016 var 63 til 70 vikur.

Enginn hefur sótt um að komast í augasteinsaðgerð erlendis en samtals bíðu 3.997 einstaklingar hér á landi eftir slíkri aðgerð í október 2016. Þar af höfðu 3.298 beðið lengur en 90 daga.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands, segir ástæðu-

Fólk hefur einungis óljósa hugmynd um þennan rétt auk þess sem það er hægara sagt en gert að nýta hann.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands



urnar fyrir fáum umsóknum geta verið margar. „Fólk hefur einungis óljósa hugmynd um þennan rétt auk þess sem það er hægara sagt en gert að nýta hann. Staðfesta þarf með læknisvottorði að biðtíminn eftir aðgerðinni hér á landi sé óásættanlegur. Aðgerð erlendis þarf að bóka fyrirfram og í mörgum tilvikum þarf sjúklingurinn einnig að leggja fram læknisvottorð og önnur heilsufarsleg gögn.“

Þann 1. júní síðastliðinn tóku gildi lög hér á landi um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri innan landa Evrópska efnahagssvæðisins, EES, svokölluð landamæratilskipun. Samkvæmt henni á sjúkratryggður rétt á heilbrigðisþjónustu þar sem hann kys sjálfur innan EES-svæðisins, með ákveðnum skilyrðum samkvæmt lögnum. Þá munu sjúkratryggingar greiða sömu upphæð og þjónustan kostar í því landi þar sem einstaklingurinn er sjúkratryggður.

Að sögn Steingríms verður áfram unnið eftir reglugerðinni frá 2012 enda sé hún í fullu gildi. „Hún veitir að nokkru leyti betri rétt en landamæratilskipunin sem tók gildi um mitt ár í fyrra þar sem þeir sem fá samþykki á grundvelli reglugerðarinnar frá 2012 fá endurgreiddan kostnaðinn að fullu auk ferðakostnaðar leiti þeir til opinbers þjónustuaðila.“ ibs@frettabladid.is



Viðmiðunarmörk landlæknis um það sem getur talist ásættanleg bið eftir aðgerð eða meðferð hjá sérfræðingi eru 90 dagar frá greiningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Netanjahú segir fundinn tilgangslausan. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sjötíu þjóðir sækja fundinn

FRAKKLAND Fulltrúar sjötíu þjóða voru mættir til Parísar, höfuðborgar Frakklands, í gær til þess að taka þátt í fundi um frið milli Palestínnumanna og Ísraels. Búið er við því að niðurstaðan verði áframhaldandi stuðningur við tveggja ríkja lausnina. BBC greindi frá þessu í gær.

Palestínnumenn taka fundinum fagnandi en Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, var ekki viðstaddur fundinn. Aukinheldur hefur hann sagt fundinn tilgangslausan.

Hvorki Ísraelum né Palestínnumönnum var boðið að taka þátt en báðum þjóðum var frjálst að senda áheyrnarfulltrúa.

Beinar viðræður þjóðanna tveggja hafa ekki átt sér stað í nærri þrjú ár. Síðast voru haldnar viðræður í apríl 2014 en upp úr þeim slitnaði og var árangurinn litill. – þea

Fyrstu aftökur í sex ár í Barein

BAREIN Þrír karlmenn, sem sagðir eru hafa tilheyrt hryðjuverkasamtökunum Saraya al-Ashtar, voru teknir af lífi í Barein í gær. Mennirnir voru sakfelldir fyrir að hafa staðið að sprengjuárás í mars árið 2014. Þrír lögreglumenn létust í árásinni. Aftökurnar eru þær fyrstu í landinu frá 2011.

Mannréttindasamtök víða um heim hafa gagnrýnt aftökurnar og sagt að lögregluvöld hafi fengið mennina til að jata með pyntingum. Ríkisstjórn Barein segir hins vegar að ákvörðunin hafi verið í samræmi við alþjóðalög.

Mennirnir voru sjíamúslimar og sögðust berjast fyrir auknum réttindum þeirra. Barein er stjórnað af súnnímúslimum sem hafa brugðist harðlega við gagnrýni sjíamúslíma. – þea

Rekinn vegna tengsla við Stasi

ÞÝSKALAND Húsnæðismálastjóra Berlínar, höfuðborgar Þýskalands, var í gær vikið úr starfi vegna tengsla hans við austurþýsku leynilögregluna Stasi forðum daga.

Borgarstjórnin, Michael Müller, sagði Andrej Holm upp eftir að dagblað í borginni ljóstraði upp um tengslin. Í uppljóstruninni segir að Holm hafi unnið fyrir Stasi stuttu fyrir fall Berlínarmúrsins árið 1989.

Holm, sem er öflokksbundinn, hefur gengist við tengslunum en heldur því þó fram að hann hafi aldrei verið í fullu starfi hjá Stasi. – þea

Bretar myndu bregðast við með lækkun skatta

BRETLAND Bretar myndu líða fyrir það ef þeir fengu engan aðgang að mörkuðum Evrópusambandsins eftir útgöngu úr sambandinu og myndu ekki taka því þegjandi. Þetta segir Philip Hammond, fjármálaráðherra Breta.

Hammond viðurkendi í samtali við þýskt tímarit að ef þetta yrði að veruleika myndi breskt efnahagslíf skaðast, að minnsta kosti til skamms tíma.

Hann segir hins vegar að Bretar gætu lækkað skatta til þess að hvetja fyrirtæki til að flytja starfsemi sína til Bretlands ef Evrópusambandið myndi útiloka Breta frá viðskiptum.

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, brást við þessum



Hammond segir efnahagslífið breytast ef innri markaðurinn lokast. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ummælum með því að gefa í skyn að Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, væri að undirbúa viðskiptastríð við Evrópusambandið ef hún hefði ekki sitt fram í samningum um útgöngu Breta úr sambandinu.

Í viðtali við blaðið Welt am Sonntag sagði Hammond að ríkisstjórnin myndi gera það sem gera þyrfti til þess að tryggja að Bretar væru samkeppnishæfir ef þeir yrðu útilokaðir frá innri markaðnum eftir Brexit.

„Við yrðum þá kannski neyddir til þess að breyta efnahagslíkani okkar og við myndum þá breyta því þannig að við myndum halda samkeppnishæfni okkar,“ sagði Hammond. – jhh

GERÐU ÞIG AÐ
VERÐMÆTARI
STARFSMANNI

TÆKNINÁM

KERFISSTJÓRNUN

NETSTJÓRNUN

Promennt býður upp á mikið úrval skemmtilegra og hagnýtra námskeiða sem bæta stöðu þína með upplýsingatæknina að vopni.



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA

FJARKENNSLA
Í BEINNILÁNSHÆFT
NÁM

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

- L Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**



VIÐFANGSEFNI

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemandur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaraþróu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ – STARFSNÁM

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Nýherja, Opin Kerfi, Advania og Sensa. Hluti af náminu er í formi starfsnáms þar sem nemendur kynnst verkefnum í raunumhverfi.

Hefst: **25. og 26. janúar 2017** • Lýkur: **Janúar 2018**

*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

STÖK NÁMSKEIÐ

Kynntu þér frábært úrval af styttri námskeiðum fyrir tækninám á promennt.is

NETSTJÓRNUN – CCNA

- L Lögð er áhersla á uppsetningu, rekstur og hönnun netkerfa fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki með Cisco netbúnaði. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur hafi þekkingu á netkerfum. Námi lýkur með lokaverkefni og CCNA-prófi frá Cisco.

Hefst: **25. og 26. janúar 2017** • Lýkur: **Júní 2017**

KERFISSTJÓRNUN: MCSA + O365

- L Nám fyrir fólk sem stefnir á starf kerfisstjóra í Windows netþjónaumhverfum. Megináherslan er á Windows Server 2012 R2 stýrikerfið og hvernig þjónusta innan þess er notuð til að uppfylla kröfur sem gerðar eru til nútímatölvukerfa. Að auki er farið í hvernig fyrirtæki geta nýtt sér skýjaþjónustu Microsoft í Office 365.

Hefst: **25. og 26. janúar 2017** • Lýkur: **Júní 2017**



FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námskeiða með Fræðsluskýinu.**

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemandur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

TUDOR RAFGEYMAR

Vertu viðbúinn kuldanum í vetur!



TUDOR High Tech rafgeymar
í allar gerðir farartækja.

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Traust og örugg þjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga



www.simafelagid.is

Símafélagið

Útsala-Útsala!!

Útsala á völdum eignum í bæði bútasams- og fataefnadeild.

35-50% afsláttur og 10% afsláttur af öllum öðrum eignum í verzluninni!

Fylgist með á fésbók Virku.

VIRKA

Mörkin 3 • 108 Reykjavík • Sími 568 7477

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á visir.is/fbi eða beint í gegnum AppStore, Google Play og Microsoft

FRÉTTABLAÐID ... allt sem þú þarft



Sjúkrahúsplássum á geðsviði hefur fækkað um helming frá aldamótum, úr 240 í 120. Á Landspítalanum er vilji til þess að efla dag- og göngudeildir og yrði aukid fjármagn sett í þá þjónustu ef það myndi berast. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Fjórðungi sjúklinga vísað á heilsugæsluna

Framkvæmdastjóri Geðhjálpargagnrýnir að fólki sem upplifir sig í bráðum vanda sé vísað annað frá bráðamóttöku geðsviðs. Stórum hluta er vísað til heilsugæslu og um átján prósent þeirra sem leita á móttökuna eru lögð inn.

HEILBRIGÐISMÁL Fjórðungi þeirra sem leita á bráðamóttökudeild geðsviðs Landspítala fær ráðleggingar um lyf og líðan og er vísað á heilsugæsluna.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpargagnrýnir, hefur áhyggjur af vísunum frá bráðamóttöku geðdeildar og segir innlagnartíma einnig styttri en í nágrennalöndunum.

„Við höfum áhyggjur af þessu því við höfum fengið mjög margar ábendingar um það að fólki hafi verið vísað frá. Jafnvel fólki í sjálfsvígshugleiðingum. Líka um að fólk hafi verið útskrifað of snemma. Við sjáum í samanburði við nágrennalöndunum,“ segir hún og segir það geta reynst fólki sem upplifir sig í bráðum geðvanda erfitt að vera vísað annað. Það þýði að fólk geti þurft að bíða lengi eftir þjónustu.

„Við viljum að heilsugæslan sé eflid en þegar fólk er komið á bráðamóttöku geðdeildar þá metur það sjálf sig í brýnni þörf,“ bendir Anna Gunnhildur á og segir að því miður séu dæmi um að eftir að fólki hafi verið vísað annað hafi það framið sjálfsmorð. „Það eru því miður dæmi um það og það er skelfilegt,“ segir Anna Gunnhildur.

María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs, segir sjúkrahúsinnlögn mikið inngríp í líf fólks og að einungis bráðveikir séu lagðir inn. „Ef önnur úrræði duga þá er það oft betri þjónusta við fólk,“ segir María.

Þeim sem koma á bráðamóttökuna og eru ekki lagðir inn er öllum vísað í önnur úrræði að sögn Maríu. Í bráðaeftirfylgd á geðsviði sem feli í sér eitt til fjögur viðtöl. Á almenna göngudeild geðsviðs eða göngudeild fíknisjúkdóma. Þegar vísað sé frá spítalanum þá sé vísað á heilsugæslu en líka meðferðaraðila á stofu, notendasamtök eins og Geðhjálp.

„Algengasta innlagnarástæðan er sjálfsvígshætta og/eða brátt geðrof. Sjálfsvígshætta er alltaf metin og ef viðkomandi er metinn í slíkri hættu þá er fólk lagt inn,“ segir María. „Sjálfsvíggin eru alltaf mikill harmleikur en því miður geta geðsjúkdómar verið lífshættulegir. Við erum með þjálfað fólk sem metur hættuna en stundum gerist eitthvað í lífi fólks sem gerir það að verkum að það lætur til skarar skriða,“ segir María.

Anna Gunnhildur gagnrýnir einnig að bráðamóttakan sé aðeins opin

Skráðar úrlausnir á komum á bráðþjónustu geðsviðs (júli–des. 2016)

25,6%

Ráðleggingar – lyf – vísað á heilsugæslu

23,7%

Vísað í bráðaeftirfylgd*

18,4%

Innlögn á legudeildir*

10,5%

Vísað á fíknideildir Landspítala*

7,9%

Vísað á göngudeild geðsviðs*

5,6%

Vísað á Vog

3,0%

Fóru án viðtals

2,9%

Vísað á meðferðaraðila á stofu

0,9%

Innlögn/endurkoma afþökkuð

0,6%

Vísað á annað svið Landspítala*

0,5%

Lögregla

0,2%

Geðteymi sveitarfélaga

100% Samtals

* LSH

Sjálfsvíggin eru alltaf mikill harmleikur en því miður geta geðsjúkdómar verið lífshættulegir.

María Einisdóttir, framkvæmdastjóri geðsviðs Landspítala



leita á bráðamóttökuna í Fossvogi.

Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir bráðamóttöku geðsviðs, segir erindi einstaklinga sem til þeirra leita misalvarleg. „Um 25% þeirra sem koma eru með bráð og alvarleg vandamál, um 50% með alvarleg vandamál en ekki eins bráð og um 25% með vanda sem hvorki er bráður né alvarlegur. Að jafnaði eru um 60% þeirra sem til okkar koma sem ekki hafa leitað fyrst á heilsugæslu. Af þeim sem koma til okkar og eru með bráðan og alvarlegan vanda, leggjast 55% inn að jafnaði, hinum er vísað í svokallaða bráðaeftirfylgd eða til endurmats á bráðamóttökunni á næstu dögum,“ segir Halldóra sem ítrekar að allir sem koma á bráðamóttökuna fái viðtal og engum sé því vísað frá þótt þeim sé vísað annað. „Ef vandinn er ekki bráður og hægt er að leysa hann t.d. í heilsugæslu, vísam við fólk þangað,“ segir Halldóra.

María bendir á að plássum hafi fækkað um helming frá aldamótum, úr 240 í 120. „Á sama tíma höfum við eflt dag- og göngudeildir og ef fjármagn til okkar væri aukid þá myndum við vilja auka þá þjónustu enn frekar,“ segir María.

„Auka þarf fjárfrahlög til geðheilbrigðismála á öllum stigum þjónustunnar, til forvarna, heilsugæslu, velferðarsviða sveitarfélaga með því að fjölga búsetuúrræðum og auka félagslegan stuðning heim. Og til sjúkrahúsa, bæði Landspítala og sjúkrahúsa úti á landi. Þetta þarf að vera heildstæð þjónustukeðja þar sem sjúkrahúsin eru með þyngstu málin,“ segir María.

Hún bendir á að fjármagn til geðheilbrigðismála hafi verið stóraukið í nágrennalöndunum. „Þverpólitísk samstaða hefur myndast um að setja peninga í málaflokkinn. Vonandi eru íslenskir stjórnálamenn komnir þangað líka, geðheilsa skiptir okkur öll máli,“ segir María. kristjanabjorg@frettabladid.is

hluta dags. Að meðaltali koma 16 manns á bráðamóttöku geðsviðs á hverjum degi. Bráðamóttakan er opin frá 12-19 virka daga og enn takmarkaðri opnunartími er um helgar. Utan þess tíma er hægt að



BETRA GRILL VIÐ VEGINN



PIPAR \TBWA • SÍA

VIÐ ERUM Á OLÍS

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ
MOSFELLSBÆ

AKRANESI
BORGARNESI
STYKKISHÓLMI
SKAGASTRÖND

SIGLUFIRÐI
ÓLAFSFIÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSSI



GRILL66.IS

Aukabúgrein

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Fyrsta skrefið að framförum er oft en ekki fólgið í skilningi. Skilningi samfélagsins á viðkomandi þörfum og möguleikum til framtíðar, samfélaginu öllu til heilla. Staða lista á Íslandi er gott dæmi um þetta en til þess að efla skilning ráðamanna og líkast til samfélagsins alls var á sínum tíma farið að tala í auknum mæli um listsköpun sem „skapandi greinar“ en hugtakið bæði vikkar skilning okkar á sköpun og tekur sér sess í orðræðunni sem atvinnugrein. Í framhaldinu mátti líka sýna fram á það vandræðalaust að þessar svokölluðu skapandi greinar eru öflugur og arðbær atvinnuvegur sem margborgar sig fjárhagslega fyrir þjóðarþjónu þó svo skilningurinn sé ekki alltaf til staðar. Það er í sjálfu sér merkilegt þar sem allt virðist snúast um peninga í íslensku samfélagi. Þeir eru upphaf og endir alls.

Í nýjum stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er að finna ákveðna staðfestingu á þessu en þar segir: „Menning og skapandi greinar verða sífellt mikilvægari hluti atvinnulífs og verðmætasköpunar í íslensku samfélagi. Ríkisstjórnin mun leggja sig fram um að búa skapandi greinum vandaða umgjörð og gott starfsumhverfi.“ Það má að sönnu taka undir að menning og skapandi greinar séu sífellt mikilvægari hluti af atvinnulífinu enda ört vaxandi atvinnugrein sem býr yfir miklum fjárfestingartækifærum fyrir þjóðina. En um það segir sáttmálinn ekkert. Heldur aðeins eitthvað um „vandaða umgjörð og gott starfsumhverfi“. Hvað er það? Satt best að segja þá hljómar það eins og innantómt loford um ekki neitt. Í besta falli vísbending um skilningsleysi á fjárfestingar- og framtíðarmöguleikum listarinnar í landinu.

Í einhverri nitjándualdarhugsun hefur listsköpun sem atvinnugrein lengi mátt búa við það að vera einhvers konar hliðargrein við menntun fremur en sjálfstæð atvinnugrein. Atvinnugrein sem rétt eins og sjávarútvegur og ferðapjónusta, svo dæmi sé tekið, er uppfyll af tækifærum fyrir framsækna þjóð. Það er því eiginlega fyrst og fremst synd að við skulum ætla að halda áfram að láta þessi tækifæri fram hjá okkur fara. Enn og áfram.

Kristján Þór Júlíusson, nýskipaður mennta- og menningarmálaráðherra, á eftir að hafa ærin starfa við að gera bragarbót á íslenska menntakerfinu. Verkefnið hlýtur að vera að byggja upp til lengri tíma menntakerfi sem þjónustar landsmenn alla og samfélag sitt inn í nýja og ört breytilega tíma. Það er fullt starf og vel það er í raun glórulaust að nú þegar ný ríkisstjórn er að keppast við að endurskipuleggja innviði stjórnsýslunnar með fjölgun ráðherra að ein vænlegasta atvinnugrein þjóðarinnar til framtíðar eigi að liggja áfram sem aukabúgrein við menntamálin. Þessu þurfum við að breyta eða öllu heldur, þessu þarf ný ríkisstjórn að breyta. Sýna landsmönnum fram á að hún hugsi til framtíðar. Þóri að fjárfesta í öðru en steypu, stáli, stíflum, fiski og ferðamönnum með fullri virðingu.



Það er því eiginlega fyrst og fremst synd að við skulum ætla að halda áfram að láta þessi tækifæri fram hjá okkur fara.

Halldór



Frá degi til dags

Brostin von
Þegar nýir þingmenn taka sæti á Alþingi gefa þeir margir hverjir tilefni til bjartsýni. Þeir vekja vonir um að Alþingi verði betur mannað en áður og að þeir muni vinna vel að almannahag. Þótt nýtt þing sé varla tekið til starfa hefur Páli Magnússyni, nýjum þingmanni Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, strax tekist að bregðast slíku trausti. Það gerði hann með væli á lokuðum fundum og í fjölmiðlum um að hafa ekki fengið ráðherrasæti þegar ný ríkisstjórn var mynduð í síðustu viku.

Sá hæfasti verði valinn
Það er allt of snemmt að segja til um það hvort val Bjarna Benediktssonar á ráðherra Sjálfstæðisflokksins hafi verið rétt eða rangt. Hins vegar þarf að endurskoða það hvernig staðið er að vali ráðherra. Þar á ekki kyn einstaklinga að ráða. En þar á heldur ekki að ráða kjördæmi einstaklinga eða sæti þeirra á framboðslista. Oddvitar ríkisstjórnarinnar eiga einfaldlega að velja hæfasta einstaklinginn sem þeir treysta í embættið. Og Páli Magnússyni hefur ekki tekist að sýna fram á að hann sé hæfari en þeir einstaklingar sem voru valdir. Hann hefur í sannleika sagt ekki einu sinni reynt það.
jonhakon@frettabladid.is

Traust er forsenda góðs samstarfs

Elín Björg Jónsdóttir
formaður BSRB

Á stæða er til að óska nýrri ríkisstjórn velfarnaðar í þeim mörgu mikilvægu verkefnum sem framundan eru á þessu kjörtímabili. Það er gott til þess að vita að stjórnin ætli sér að styðja aðila vinnu-markaðarinnar í vinnu við umbætur á íslenska vinnu-markaðslikaninu.

Því miður verðum við hjá BSRB að líta svo á að það séu orðin tóm, enda öll slík vinna á ís um fyrirsjáanlega framtíð. Lykilforsendan fyrir því að hægt sé að gera slíkar breytingar er að traust ríki milli þeirra sem að þeim vinna. Stjórnvöld brugðust því trausti gagnvart opinberum starfsmönnum þegar þau ákváðu að fara ekki að samkomulagi sem gert var við bandalög opinberra starfsmanna um lífeyrismál.

BSRB tók fullan þátt í þeirri vinnu, en ávallt á þeim forsendum að áunnin réttindi sjóðfélaga yrðu jafn verðmæt fyrir og eftir breytingarnar. Í samkomulagi sem undirritað var þann 19. september síðastliðinn var skýrt kveðið á um að svo ætti að vera. Þrátt fyrir það samþykkti Alþingi frumvarp fjármálaráðherra þar sem ekki var staðið við þau fyrirheit.

Það tekur langan tíma og mikla vinnu að byggja upp traust en aðeins eitt augnablik að glata því niður. Hafi ný ríkisstjórn einhvern áhuga á því að auka efnahagslegan og félagslegan stöðugleika með því að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga er ljóst hvert fyrsta skrefið þarf að vera.

Nýr fjármálaráðherra þarf að koma í gegn breytingum á lögum um lífeyrismál opinberra starfsmanna þannig að þær skerðingar á áunnum réttindum sem Alþingi samþykkti fyrir jöl verði leiddréttar og að staðið verði að fullu við samkomulagið frá 19. september. Það þarf ekki að vera flókið og ætti ekki að taka langan tíma.

Það eitt og sér að gera þessa breytingu vinnur ekki upp það traust sem glataðist þegar stjórnvöld og Alþingi ákváðu að hafa að engu skýr ákvæði í samkomulagi sem þáverandi fjármálaráðherra, nú forsætisráðherra, undirritaði. En það væri gott fyrsta skref að bæta fyrir skaðann. Þegar það er komið má skoða framhaldið.



Það tekur langan tíma og mikla vinnu að byggja upp traust en aðeins eitt augnablik að glata því niður.

JÓNSSON & LEWIS • J115 • S1A

Raumgestalt bretti
Verð frá 2.980 kr.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | www.kokka.is | kokka@kokka.is

Heim í hús

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Of er talað um að æðsta skylda formanns Sjálfstæðisflokksins sé að halda liðinu saman – gagnstætt því sem manni virðist stundum að leiðtogum jafnaðarmanna á Íslandi þyki brýnasta verkefni sitt: að halda liðinu sundruðu.

Þessi sýn á hlutverk formanns Sjálfstæðismanna liggur meðal annars að baki harkalegri gagnrýni Davíðs Oddssonar ritstjóra Morgunblaðsins og fyrrum formanns Sjálfstæðisflokksins á nýja ríkisstjórn. Stundum er talað um Davíð sem aftursætisbilstjóra í flokknum, en er hann kannski staddur í allt öðrum bíl? Væri ef til vill nær að líkja honum við hatt með hatt sem ekur hægt á miðjum veginum og neitar að hleypa nokkrum fram úr sér úr langri bílaröð sem silast eftir þjóðveginum, og hann er staðráðinn í að leiða – alla leið að Hrafnabjörgum III.

Að sleppa með skrókið

Í hans huga, og margra Sjálfstæðismanna, er það höfuðsynd að „verðlauna“ fólk úr Viðreisn með ráðherrastólum eftir það sem á undan er gengið. Í fyrsta lagi er á mælisvert að viðra aðrar skoðanir innanflokks en þær sem samþykkt liggur fyrir um að séu hinar réttu, og í öðru lagi er það refsivert að ganga úr flokknum vegna þessara skoðana – við slíkt fólk á ekki að hafa neitt saman að selda, það hefur brennt allar brýr að baki sér og á ekki afturkvæmt, rétt eins og hjá Vottum Jehóva, þegar einhver ráfar af þröngum vegi dyggðarinnar, eða vill taka fram úr kallinum með hattinn á miðjum veginum.

En Bjarni Benediktsson er kænn stjórnmálamaður. Sjálfstæðisflokkurinn var kominn langt undir hefðbundin kjölfylgi sitt eftir Hrunið – var með rétt rúmlega 20 prósent þegar verst lét og stefndi í enn meira óefni í kjölfar umræðu um aflandseyja-umsvif leiðtoga flokksins.

Þá umræðu tókst Bjarna að koma í veg fyrir með því einfaldlega að stinga undir stól skýrslu um skattsvik og aflandsskráningar sem þeim tengjast og Panama bar varla á góma í umræðuþáttum fyrir kosningar, rétt eins og samkvæmt óskráðu samkomulagi, sem Birgitta Jónsdóttir rauf ein með því að halda á lofti spjaldi þar sem minnt var á þetta mikla tabú kosningabaráttunnar.

Þegar Bjarni birti svo skýrsluna nú nauðbeygður vegna þrálátra eftirgrennslana blaðamanna Kjarnans varð hann uppvis að því að segja ósatt um það hvenær skýrslan barst í ráðuneyti hans – og þar með til hans – og skeikaði þar miklu þó að hann reyndi að byrsta sig við fréttamann RÚV til að breiða yfir ósannindin. Af einhverjum ástæðum þykir það aðeins frágangssök hjá íslenskum stjórnmálamönnum að skrökva að útlendum fjölmiðlum – Sigmundur Davíð hrökklaðist úr embættum sínum þegar hann reyndi að skrökva að sænskum sjónvarpsmanni eftir að hafa naumast sagt satt orð við íslenska fjölmiðla mánuðum saman. En það var eins og okkur fyndist það tilheyra og hann hefði eflaust komist upp með þetta hefði aðeins verið um Íslending að ræða og við hefðum ekki mátt horfa upp á heiminn sjá þessi ósköp. Og Bjarni er sennilega sloppinn með skrekkin, og skrókið.

Strok í fylgi

Hitt var ekki síður áhyggjuefni

formanns Sjálfstæðisflokksins, að komið var strok í fylgið. Í huga kjósenda sem ekki höfðu til að bera flokkshollustu gamla skólans bar flokkurinn meginábyrgð á því efnahagsumhverfi sem leiddi til Hrunsins með öfgatrá á óskekulleika „markaðarins“ og tilheyrandi afnámi reglugerða og hvers kyns eftirlits með útrásarvikingunum („við vorum eins og sjómenn í Smugunni,“ sagði Pálmi í Fons seinna um þessa tíma í DV-viðtali).


Það var strok í fylginu og fólk sem ekki vill að efnahagsstjórnin miðist öll eingöngu við hagsmuni útgerðarinnar og annarra sem gera upp í evrum (eða efrum eins og Hallgrímur Helgason talaði um, og er krónan þá neðrur) var komið á stjá; hafði margt kosið Samfylkinguna, en fór líka til Framsóknarflokksins þegar sá flokkur fór að tala um „heimilin í landinu“.

Fylgið sem Framsókn fékk kom til baka eftir alþjóðahneisu Sig-

mundar Davíðs en þá var að ná aftur Samfylkingarfylginu – fólkinnu sem vill sjá niðurstöður aðildarviðræðna að ESB áður en það ákveður sig, fólkinnu sem vill meira frjálsræði í viðskiptum og miða meira við hagsmuni þéttbýlisbúa sem kaupa varning sinn á uppsprengdu verði og allt greitt í neðrum. Stofnun Viðreisnar reyndist himnasending fyrir Sjálfstæðismenn þegar kom að því að ná aftur þessu fylgi og ekki síður sú ákvörðun Besta flokksins að

ganga í Viðreisn daginn eftir kosningar, að vísu án samráðs við kjósendur sína sem vissu ekki að þeir væru þar með að kjósa Benedikt og Þorgerði Katrínu. Og þar með er allt í einu komin ný ríkisstjórn sem er eins og landsfundur Sjálfstæðisflokksins. Fari allt að vonum Sjálfstæðismanna verður Viðreisn þá fyrsti áfanginn á leiðinni heim í fjárhús, þegar forystuhrúturinn Benedikt frá Engy leiðir hjörðina heim úr villum.

skattur.is



Munið að skila launaupplýsingum

Launaupplýsingum (launamiðum) og öðrum gögnum er eingöngu hægt að skila á rafrænu formi á þjónustusíðunni **skattur.is**

Skilafrestur vegna framtalsgerðar 2017 er til

20. janúar

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI



rsk.is/hafa-samband

442 1000

Þjónustuver 9:30-15:30



TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Þorkels Kjartanssonar

frá Austurey.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Inga Snæbjörnsdóttir



Ástkær móðir okkar,

Gróa Þorleifsdóttir

Kleppsvegi 46,

lést á Droplaugarstöðum 3. janúar.
Útförin fer fram frá Áskirkju
föstudaginn 20. janúar klukkan 15.

Sigríður Kjartansdóttir
Jón Þór Kjartansson
Þorleifur Kjartansson



Kær eiginmaður minn og faðir okkar,

Emanúel Morthens

lést á Vífilsstöðum 17. desember.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna.

Þorbjörg Ó. Morthens
Þórey Morthens, Ólafur Morthens, Björn Morthens



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa,
langafi og ástvinur,


Guðmundur Guðnason

frá Háholti, Gnúpverjahreppi,
Mosarima 21, Reykjavík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn
10. janúar. Útförin fer fram frá
Grafarvogskirkju miðvikudaginn 18. janúar kl. 13.00.

Reynir Guðmundsson
Árni Guðmundsson
Birgir Guðmundsson
Ágústa Anna Valdimarsdóttir

Friðborg Helgadóttir
Lilja Theodórsdóttir
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma
og langalangamma,

Unnur Sigurðardóttir

Lækjasmára 2, Kópavogi,

sem lést mánudaginn 9. janúar á
Landakoti, verður jarðsungen frá Neskirkju
þriðjudaginn 17. janúar kl. 13.00.

Sigurður Ingi Tómasson
Bjarnína Agnarsdóttir
Óðinn Agnarsson
Ragnar Agnarsson

Jón Magnússon
og fjölskyldur.



Bróðir okkar,

Sigurjón Þórarinnsson

frá Eiðum,
Keilugranda 10,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi
mánudaginn 9. janúar.
Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju
í dag 16. janúar kl. 13.

Systkini hins látna.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

Barnabarn og barnabarnabarn bestu afmælisgjafirnar

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur er 85 ára í dag. Hann mun halda upp á afmælið í lok mánaðar. Hann minnst þritugsafmælisins þegar hann var einn í Þýskalandi.

Árni Björnsson, þjóðháttafræðingur og fyrrverandi forstöðumaður Þjóðhátta-deildar Þjóðminjasafns Íslands, fagnar 85 ára afmæli í dag. Árni er þekktur fyrir skrif um íslenskar hátíðir, siði og þjóðtrú. Hefur hann skrifað rit á borð við Sögu daganna, Þorablót á Íslandi, Hræranlegar hátíðir og Sögu jólaanna. Saga daganna var jafnframt doktorsritgerð hans sem hann varði árið 1993.

„Eiginlega mun ég ekkert halda upp á sjálfan daginn,“ segir Árni, aðspurður um hvernig hann hyggist fagna afmælisdeginum. „Ég og kona mín, Ingibjörg Helgadóttir, eigum sameiginlegt 160 ára afmæli með 75 daga millibili og munum halda upp á það með náinni fjölskyldu í lok janúar,“ bætir hann við.

Hann segir að um sama leyti muni koma út greinasafn eftir hann. Það beri heitið Í hálfkæringi og alvöru. Ritið er samansafn greina um ýmis efni sem hafa birst í tímaritum og afmælisritum. Hið íslenska bókmenntafélag mun gefa bókina út sem verður um 300 síður.

Árna er einna minnisstæðastur þritugsafmælisdagurinn. „Mér er einna minnisstæðast þegar ég varð þritugur og var einn míns liðs við háskólakennslu suður í Þýskalandi,“ segir hann.

Þó segir Árni bestu afmælisgjafirnar ekki hafa borist þann dag. Þær bárust annars vegar á 59 ára afmælisdaginn þegar hann eignaðist dótturdóttur og á 74 ára afmælisdaginn þegar hann eignaðist langafadóttur.

Árni hefur átt farsælan feril og meðal annars gefið út fyrrnefnd rit auk margra annarra. Þó segir hann eitt standa upp úr. „Ætli það sé ekki þegar ég fékk viðeigandi starf við Þjóðminjasafnið 36 ára,“ segir Árni. thorgnyr@frettabladid.is



Árni og kona hans, Ingibjörg Helgadóttir, ætla að halda upp á afmæli sín í sameiningu í lok janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞETTA GERÐIST: 16. JANÚAR 1995

Snjóflóð fellur á Súðavík

„Átta manns fórust og sjö var enn saknað klukkan tvö í nótt eftir að tvö hundruð metra breitt snjóflóð féll á Súðavík við Ísafjarðardjúp snemma í gærmorgun og tók með sér fimmtán hús í miðju þorpinu.“

Þetta eru inngangsorð forsíðufréttar Morgunblaðsins sem birtist þann 17. janúar árið 1995. Daginn áður, fyrir 22 árum, féll snjóflóð á bæinn. Í húsunum fimmtán voru 26 manns og fórust fjórtán þeirra. Þar af átta börn. Hins vegar tókst að bjarga tólf.

Húsin sem flóðið féll á stóðu flest utan þeirra marka sem skilgreind voru sem hættusvæði vegna snjóflóða.

Lýsingar af þessum harmleik sem lesa mátti í fyrrnefndu tölublaði Morgunblaðsins segja meðal annars frá því að í einu húsi við Tungötu hafi húsmóðirin verið sofandi „í svefnherbergi sínu ásamt yngsta barni sínu, tveggja ára



Kirkjugarðurinn í Súðavík. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

gömlum dreng, þegar flóðið féll og lagði húsið í rúst.“

Snjóflóðið var eitt mannskæðasta snjóflóð Íslandssögunnar. Vegna óveðurs var landleiðin á milli Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur ófær. Björgunarlið, læknar, lögreglumenn og sjálfbóðaliðar voru því fluttir frá Ísafirði og nágrennasveitum

sjóleiðis. Átti Djúpbáturinn Fagranes stóran þátt í því verkefni.

„Eins og alþjóð veit þá höfum við ekki ferjubryggju á ísafirði og því erfitt um vik fyrir okkur. Það er því allt sem hjálpast að hér til að gera þetta eins erfitt og hægt er,“ hafði Morgunblaðið eftir Hjalta Hjaltsyni, skipstjóra Fagraness.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Karlotta Sigurbjörnsdóttir

Háholti 11, Keflavík,

lést á Hrafnistu, Nesvöllum,
laugardaginn 7. janúar. Útförin fer fram
frá Keflavíkarkirkju, föstudaginn
20. janúar kl. 13.00.

Margrét Hallsdóttir
Sigurbjörn Júlíus Hallsson
Hallur Metúsalem Hallsson
Ragnar Kristbjörn Hallsson

Niels Carsten Bluhme
Stefanía Hákonardóttir
Margaríta Hallsson
Inga Lóa Steinarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afa og langafi,

Lýður Björnsson

Sléttuvegi 31, Reykjavík

Lést að Hrafnistu 9. janúar 2017.
Útförin fer fram frá Bústaðarkirkju
19. janúar kl. 13:00

Sævar Lýðsson
Guðlaug Lýðsdóttir
Þróstur Lýðsson

Sigríður H. Bjarnadóttir
Valgerður Jónsdóttir
Bjarni Guðmundsson
Klara Sigurðardóttir
Afabörn og langafabörn.



Rúnar Kárason ræðst til atlögu við vörn Túnisa í leiknum gegn Túnis í gær. Rúnar kom með beinum hætti að 17 mörkum í leikjunum gegn Túnis og Slóveníu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Tek menn ekki af velli eftir fyrstu mistök

Landsliðspjálfarinn Geir Sveinsson var mjög svekktur yfir að hafa aðeins fengið eitt stig út úr leiknum gegn Túnis í gær og einnig yfir að hafa ekki fengið neitt út úr leiknum gegn Slóveníu. Þetta var háspennuhelgi hjá strákunum okkar sem geta enn komist áfram.



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is



HANDBOLTI Geir Sveinsson landsliðspjálfi var rólegur og yfirveg-
aður eftir leikinn gegn Túnis í gær
sem var mikill spennuleikur eins
og þjóðin ætti nú að vita. Þjálfarinn
eðlilega drullusvekkur yfir að hafa
ekki fengið tvö stig en fyrsta stigið
kom þó í hús eftir mikil læti.

„Auðvitað gleðst maður yfir því
að fá eitt stig. Það er betra en ekki
neitt en auðvitað vildum við bæði
stiginn. Hvert stig er mikilvægt.
Þetta var leikur sem þeir máttu
alls ekki tapa og leikurinn bar þess
merki. Gríðarleg barátta í þeim
og leikurinn virkilega hardur. Við
fórum oft út af og það tók sinn toll.
Ég var ánægður með margt. Þetta
hefði getað dottið okkar megin en
í svona leikjum eru það litlu atriðin
sem ráða oft úrslitum,“ sagði Geir
yfirvegadur en hann var nokkuð
ánægður með sitt lið í leiknum.

Þetta var mjög skrautlegur leikur
en liðin töpuðu boltanum samtals
29 sinnum í leiknum. Ísland tapaði
boltanum þar af 13 sinnum sem er
það mesta hjá liðinu það sem af er
móti. Þrátt fyrir alla tæknifeilana

hefðu strákarnir hæglega getað
tekið bæði stiginn.

„Eftir 20 mínútur voru komnir sjö
tæknifeilar hjá okkur og það er auð-
vitað allt of mikið. Við reyndum að
leggja leikinn þannig upp að hann
væri ekki alveg upp á líf og dauða en
hann bar þess merki engu að síður.
Maður sá það hjá mörgum leik-
mönnum. Við náðum að snúa þessu
við eftir að hafa byrjað illa,“ sagði
Geir en drengirnir hans komust
síðan yfir og fengu tækifæri til þess
að stinga Túnisana af. Það gerðu þeir
aftur á móti ekki. Því er nú verr og
miður.

„Það var þínu svekkjandi að ná
ekki að fylgja fyrsta korterinu í síð-
ari hálfleik eftir. Við vorum búnir
að snúa leiknum okkur í hag og
hefðum kannski átt að hafa náð því.
Túnisarnir hætta aldrei. Þeir hafa
sýnt það í öllum leikjunum að þeir
koma alltaf til baka. Kannski var
þetta bara sanngjarnt á endanum.“

Það er verið að blóðga nokkra
nýja menn á þessu móti og aðrir eru
að taka á sig meiri ábyrgð en áður.
Geir fer ekkert af þeirri áætlun sinni
að leyfa nýliðum að spila og að þeir
fái að gera sín mistök. Eins og í til-
viki Ómars Inga sem hefði líklega
verið tekinn af velli hjá mörgum
þjálfurum er hann gerði sín mistök.

„Ég er ekki þjálfarinn sem tekur
menn af velli eftir fyrstu mistök.



Geir Sveinsson hugsi yfir gangi mála í leiknum gegn Túnis. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Drengirnir verða að fá að gera sín
mistök og læra af þeim. Auðvitað
reynir maður að fækka mistökunum
eins og hægt er,“ segir Geir en hann
vildi sjá stiganda í leik liðsins á
þessu móti. Er hann nokkuð sáttur
við það sem hann hefur fengið frá
drengjunum í Metz?

„Varnarleikurinn er búinn að vera
til fyrirmyndar á þessu móti. Aron

Rafn kom gríðarlega sterkur inn í
dag og það var mjög jákvætt. Það
hafa komið jákvæðir punktar líka
frá mörgum öðrum. Við eigum samt
meira inni í sóknarleiknum. Það er
vinna áfram að reyna að bæta hann
eins og hægt er. Það er gott að fá fri
núna eftir erfiða helgi. Markmiðið
er enn að halda áfram að hala inn
stig og fara áfram í þessu móti.“

Þjálfararnir Íslensku þjálfararnir á HM

Guðmundur Guðmundsson

Fullt hús hjá Dönnum

Strákarnir hans
Guðmundar Guð-
mundssonar unnu
sjö marka sigur á
Egyptum á laugardag-
inn, 28-35, og eru með
fullt hús stiga í D-riðli. Danska liðið
lítur afar vel út um þessar mundir.



Dagur Sigurðsson

Engin vandamál

Evrópu-meistarar
Þýskalands rúlluðu
yfir Síle í gær, 14-35.
Lærisveinar Dags
Sigurðssonar eru með
fullt hús stiga í C-riðli.
Þjóðverjar mæta Sádi-Arabíu í næsta
leik sínum á morgun.



Kristján Andrésson

Enn með 100% árangur

Kristján Andrésson
hefur stýrt Svíum
til sigurs í fyrstu
tveimur leikjunum
á HM. Sænska liðið
hefur unnið alla sjö leiki
sína síðan Kristján tók við því. Svíar
mæta Dönnum í stórleik á morgun.







ÍSLAND – SLÓVENÍA

Besti maður Íslands

Bjarki Már Elísson kom inn í byrjunarliðið fyrir fyrirlíðann Guðjón Val og stóð sig frábærliga í sínum fyrsta leik á stórmóti. Bjarki nýtti 7 af 8 skotum sínum og bjó til höfuðverk fyrir Geir Þjálfara.



Mörk úr leikstöðum



Hættulegustu mennirnir

- Mörk + stöðsendingar**
- 8 Rúnar Kárason 6+2
 - 7 Bjarki Már Elísson 7+0
 - 6 Arnór Atlason 4+2
 - 6 Ólafur Guðmundsson 2+4
 - 4 Arnór Þór Gunnarsson 3+1
 - 3 Guðjón Valur Sigurðsson 3+0

3 Tapaðir boltar íslenska liðsins á síðustu fimm mínútunum.

Hvað gekk vel og hvað illa?

- Tölur íslenska liðsins í helstu tölfræðipáttum í samanburði við mótherjana.
- Varin skot markvarða -2
 - Mörk með langskotum +1
 - Mörk úr hornum +1
 - Mörk af línu +1
 - Hraðaupphlaupsmörk -2
 - Mörk úr annarri bylgju -1
 - Gegnumbrotsmörk -2
 - Tapaðir boltar -5
 - Varin víti markvarðar +1


ÍSLAND – TÚNIS

Besti maður Íslands

Aron Rafn Eðvarðsson kom í íslenska markið í hálfleik og varði 9 af 17 skotum sem á hann komu eða yfir 50 prósent. Eitt þeirra var lokaskot Túnis sem tryggði íslenska liðinu stig.



Mörk úr leikstöðum



Tímalína: Gangur leiksins



Tímalína: Gangur leiksins



FRANCE 2017 HANDBALL HM 2017

- A-riðill**
- Brasilía - Pólland 28-24
 - Noregur - Rússland 28-24
 - Frakkland - Noregur 31-28
 - Brasilía - Japan 27-24

Stig þjóða: Frakkland 6, Noregur 4, Brasilía 4, Rússland 2, Pólland 0, Japan 0.

- B-riðill**
- Túnis - Spánn 21-26
 - Angóla - Makedónía 22-31

Ísland - Slóvenía 25-26

Ísland - Mörk (skot): Bjarki Már Elísson 7 (8), Rúnar Kárason 6 (10), Arnór Atlason 4 (4), Arnór Þór Gunnarsson 3 (4), Guðjón Valur Sigurðsson 3/3 (4/4), Ólafur Guðmundsson 2 (6), Arnar Freyr Arnarsson (1), Gunnar Steinn Jónsson (1), Janus Daði Smáráson (2).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 11/2 (29/4, 38%), Aron Rafn Eðvarðsson 2 (10/2, 20%).

Hraðaupphlaup: 4 (Bjarki Már Elísson 3, Rúnar Kárason 1).

Mörk Slóveníu (skot): Marko Bezjak 6/2 (7/2), Miha Zarabec 4 (5), Vid Kavticnik 4/2 (7/3), Matej Gaber 3 (3), Blaz Janc 3 (3), Borut Mackovšek 3 (3), Darko Cingesar 2 (3), Gašper Marguc 1 (4/1), Matevz Skok (1), Nik Henigham (1), Jure Dolenc (4).

Varin skot: Matevz Skok 12/1 (33/3, 36%), Uhr Kastelic 3 (7/1, 43%).

Ísland - Túnis 22-22

Ísland - Mörk (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 5 (9/1), Ómar Ingi Magnússon 4/1 (6/1), Rúnar Kárason 4 (10), Ólafur Guðmundsson 3 (6), Janus Daði Smáráson 2 (2), Arnar Freyr Arnarsson 2 (2), Arnór Atlason 2 (4), Arnór Þór Gunnarsson (1), Ásgeir Örn Hallgrímsson (1).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 9 (17/1, 53%), Björgvin Páll Gústavsson 4/1 (17/3, 23%).

Hraðaupphlaup: 10 (Guðjón Valur 5, Rúnar 2, Ólafur Guðmundsson 2, Ómar Ingi) Ómar Ingi Magnússon 1.

Mörk Túnis (skot): Amine Bannour 12/3 (18/3), Oussama Boughanmi 5 (6/1), Aymen Toumi 2 (3), Sobhi Saied 1 (3), Wael Jallouzi 1 (4), Mosbah Sanai 1 (5), Issam Tej (1).

Varin skot: Makrem Missaoui 18/1 (40/2, 45%).

Stig þjóða: Slóvenía 4, Makedónía 4, Spánn 4, Ísland 1, Túnis 1, Angóla 0.

- C-riðill**
- Ungverjala. - Króatía 28-31
 - Síle - Þýskaland 14-35
 - Sádi-Arab. - Hv.-Rússl. 26-29

Stig þjóða: Þýskaland 4, Króatía 4, Síle 2, Hvíta-Rússl. 2, Ungverjal. 0, Sádi-Arabía 0.

- D-riðill**
- Egyptal. - Danmörk 28-35
 - Argentína - Svíþjóð 17-35
 - Barein - Katari 22-32

Stig þjóða: Svíþjóð 4, Danmörk 4, Katari 2, Egyptaland 2, Barein 0, Argentína 0.

HM-dagskráin

- 19.45 Pólland - Rússland** A-riðill
- 16.45 Slóvenía - Makedónía** B-riðill
- 19.45 Spánn - Angóla** B-riðill
- 16.45 Ungverjaland - Síle** C-riðill
- 19.45 Króatía - H.-Rússland** C-riðill
- 16.45 Egyptaland - Barein** D-riðill
- 19.45 Danmörk - Svíþjóð** D-riðill



Linumaðurinn Arnar Freyr Arnarsson kastar sér inn í teiginn, slær boltann í markið og kemur Íslandi 22-21 yfir undir lokin gegn Túnis. Mark Arnars dugði þó ekki til sigurs því Túnis...

Drengjakórinn hans Geirs er að f

Strákarnir okkar spiluðu tvo háspennuleiki um helgina. Miðað við færin sem gáfust í leikjunum tveimur er svekkja gæti þó orðið dýrmætt og strákarnir eiga enn möguleika á því að komast í sextán liða úrslit. Ísland fær núna eins o



Henry B. Gunnarsson henry@frettabladid.is

HANDBOLT Þetta var alvöru helgi hjá strákunum okkar. Tveir háspennuleikir sem gætu hafa aukið sölu á sprengitöflum heima. Á laugardaginn spiluðu strákarnir við sterkt lið Slóvena og máttu setta sig við eins marks tap, 26-25.

Í gær spiluðu strákarnir svo við Túnis og gerðu jafntefli, 22-22, í háspennuleik. Það var leikur sem strákarnir áttu að vinna en það hefði svo sannarlega verið góður bónus að fá stig líka gegn Slóveníu. Helvítis herslumuninn, eins og strákarnir sögðu, vantaði aftur á móti. Uppskeran er bara eitt stig og strákarnir þurfa líklega að vinna síðustu tvo leiki sína til þess að komast í sextán liða úrslit.

Fá að gera sín mistök

Það var í raun ómögulegt að vita hvað liðið myndi gera í þessum leikjum og á þessu móti. Frammistaðan gegn Slóveníu var framfar mínur björtustu vonum og við höfum séð liðið taka

mörg jákvæð skref í Metz. Við höfum líka séð að það vantar ýmislegt upp á.

Þetta mót er aftur á móti til þess að blóðga menn og láta aðra axla meiri ábyrgð. Ég er mjög hrifinn af því sem Geir er að gera. Leyfir ungu mönnum að spila og gera sín mistök. Það er virðingarkerfið afstaða.

Líkt og með Ómar Inga Magnússon í gær. Hann gerði nokkur skelfileg mistök en fékk traustið til að halda áfram. Hann skoraði líka góð mörk og sýndi hvað hann er sterkur karakter. Ef honum hefði verið kippt strax af velli fyrir sín mistök hefði hann ekki fengið mikilvæga og nauðsynlega reynslu. Hana verður að sækja á mót eins og þetta.

Markvarslan og varnarleikurinn hefur verið vonum framfar í fyrstu þremur leikjunum. Það er mjög ánægjulegt. Hvoru tveggja mætti þó vissulega vera stöðugra. Það koma enn of langir kaflar þar sem er engin markvarsla og vörnir hriplek.

Stirð sókn

Sóknarleikurinn hefur hikið oft og var það viðbúið. Enginn Aron Palmarsson og nýir menn að axla ábyrgð. Rúnar Kárason hefur gert það einkar

SAGT EFTIR LEIKINN GEGN SLÓVENÍU

Þetta er ótrúlega svekkjandi

„Þetta er ótrúlega svekkjandi. Við áttum séns á að komast tveimur yfir en ég klúðraði þá dauðafæri,“ sagði Arnór Þór Gunnarsson eftir Slóveníuleikinn.



„Þetta er auðvitað hörkulið en mér finnst samt sem áður að við eigum að taka þá. Þeir eru ekkert eðlilega fljótir þessir gæjar og tekniskir en í seinni hálfleiknum vorum við aðeins of seinir til baka þegar þeir voru að taka hröðu miðjuna.“

SAGT EFTIR LEIKINN GEGN TÚNIS

Fórum hrikalega illa að ráði okkar

„Við fórum hrikalega illa að ráði okkar í þessum leik og gerðumst sekir um svakaleg mistök,“ sagði Rúnar Kárason eftir leikinn gegn Túnis.



„Við töpum þessum leik bara sjálfir og erum heilt yfir ekki að fara nægilega vel með sóknirnar okkar. Ég veit ekki hvort að skotin okkar hafi verið svona léleg eða markmaðurinn svona góður, boltinn fór allavega ekki inn.“

vel. Óragur við að taka ábyrgðina og láta vaða er á þarf að halda. Hann hefur einnig verið að skila finum varnarleik. Sérstaklega í leiknum gegn Túnis.

Ólafur Guðmundsson hefur að sama skapi því miður ekki staðið undir væntingum. Hann er enn að

gera allt of mörg mistök og frammi-staða hans hingað til hefur valdið vonbrigðum. Hann var þó frábær í vörninni í gær og gefst ekki upp. Heldur áfram að djöflast og gefa allt sem hann á. Því miður hefur þetta flotta viðhorf ekki skilað nægu.

Arnór Atlason hefur verið betri en



Betri stofa heimilisins þar sem hjónin eiga hvort sinn stólinn, Kristbjörg Sindrastólinn og Árni norskan verðlaunastól. MYND/ERNIR

LESA OG SKILJA ANDA HÚSSINS

Hjónin **Árni Kjartansson** arkitekt og **Kristbjörg Guðmundsdóttir** keramikhönnuður hafa búið á fallegu heimili sínu í Hvassaleiti í 20 ár. Þau hafa unnið samhent að öllu sem að heimilinu snýr og eiga það sammerkt að eiga erfitt með að henda hlutum. Því ægir saman alls kyns dóti á heimili þeirra sem margt er hluti af þeim sjálfum.

Starri Freyr Jónsson

starri@365.is



Hjónin Árni Kjartansson arkitekt og Kristbjörg Guðmundsdóttir keramikhönnuður hafa komið sér vel fyrir á fallegu

heimili sínu við Hvassaleiti í Reykjavík.

Húsið þeirra er hannað af einum þekktasta arkitekti þjóðarinnar, Guðmundi Kr. Kristinsyni, og segjast hjónin hafa vera heppin að hafa náð að festa kaup á jafn frábæru húsi. „Af næmni

og innsæi hefur arkitektinum tekist að skapa „stórt“ hús og falleg rými á fáum fermetrum, sannarlega alþýðuarkitektúr í hæsta gæðaflokki,“ segir Árni. „Við höfum verið samstiga um hvernig við gætum notað þessa fallegu og praktísku umgjörð

fyrir heimili okkar og samhent höfum við unnið að öllu sem að heimilinu snýr. Eins og ljósið skapar rými og arkitektúr, þannig skapar alúð, hlýja og persónulegur blær fallegt heimili í fallegum arkitektúr.“

Aðspurð um stíl heimilis-

ins segir Kristbjörg þau vona að ekki sé hægt að fella heimili þeirra undir stíl af nokkru tagi. „Við höfum búið saman lengi og höfum á þeim tíma safnað að okkur alls kyns munum og bókum. Við eigum það sammerkt að eiga erfitt með að



VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR

Sérblaðið Vörubílar og vinnuvélar kemur út 31. janúar. Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafið samband við:


Jón Ívar Vilhelmsson

Sími 512 5429

jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ





Stiginn í húsinu er bjartur og veitir dagsbirtu inn í miðju hússins. Stiginn tengir saman allar vistaverur, bókstaflega og sjónrænt. Handriðið hefur verið gert upp í upprunalegri mynd. MYNDIR/ERNIR



Kertahús Kristbjargar sem margir nota eingöngu á jólum prýða heimili þeirra hjóna allan ársins hring.



Kristbjörg að vinnu á verkstæðinu sem er staðsett í bílskúr og þvottahúsi.



Ljósín Ból eftir Kristbjörgu eru postu-línsafsteypur af gömlum netakúlum.




Litirnir í húsinu eru sóttir í litasafn arkitekts hússins.

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup júl.-sep. 2016

Allt sem þú þarft ...



Öll rými neðri hæðarinnar eru opin og tengjast innbyrðis.

» henda og þar af leiðir að á heimili okkar ægir saman alls kyns dóti, sem margt hvert hefur ekkert peningalegt gildi en er á einhvern hátt hluti af okkur sjálfum. Svo er til dæmis með bækur, sem eiga til að rökræða við mann út um kjölinn.“

LEIRMUNIRNIR ÁBERANDI

Árni er einn af fimm eigendum Glámu/Kím Arkitekta og hefur síðustu tíu árin starfað sem framkvæmdastjóri stofunnar. Kristbjörg nam m.a. leirlist við MHÍ og rekur eigið keramikverkstæði, hefur tekið þátt í fjölda sýninga og selur muni sína á völdum stöðum í Reykjavík og á Austurlandi. Auk þess er hægt að heimsækja hana á verkstæðið og kaupa muni þar.

Þau segja leirmuni Kristbjargar eðlilega eiga sér afgerandi sess á heimilinu, jafnt listmuni sem brúkshluti. Auk þeirra hefur þeim áskotnast nokkur fjöldi listaverka, meðal annars eftir samferðamenn og vini í hópi listamanna. „Revox-segulbands-tækið skipar alveg sérstakan sess í huga í mér,“ segir Árni. „Tækið



Hjónin Kristbjörg Guðmundsdóttir leirlistakona og Árni Kjartansson arkitekt hafa búið saman í 45 ár, þar af 20 ár í þessu húsi.

var keypt eftir fyrsta vetur okkar í Lundi, þegar upp á sama dag bar fyrstu útborgun fyrir uppskipunarvinnu í Malmö og tilkynningu um langþráð námslán frá Lánasjóði Íslenskra námsmanna.“ Kristbjörgu er afar kær Sindrastóllinn, sem foreldrarinn gáfu henni þegar hún var 13 ára. „Við höfum nýlega látið gera hann upp og bætt við fótaskemli.“

Þau segjast hafa verið heppin að fá húsið nánast óspjallað og því hafi ekki þurft að kosta miklum fjármunum til að endurheimta gæði þess. „Í þeim endurbótum sem við höfum þurft að gera höfum við kappkostað að lesa og skilja anda hússins og beygt okkur undir vilja hans. Við munum halda okkur við þá aðferð.“

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson
UMSJÓNARMENN EFNIS: Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351
Starri Frey Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
SÖLUMENN: Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433



Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Jón Bergsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson



Ásdís Irena Sigurðardóttir



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. - fös. frá kl. 9-17 | www.heimili.is

530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumáleri
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356



Herdís Valb. Hölldóttir
Lögræðingur og löggiltur
fasteignasali Skjalagerð.
694 6166



Ólafur F. Jóhannsson
hdl. Lögræðingur. Löggiltur
Fasteignasali. Skjalagerð.



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
892 8778



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083



Opið hús verður að Túnfit 4 á morgun, 17. janúar, kl. 17.30 til 18.

Glæsilegt hús í Garðabæ

Fasteignasalan TORG
kynnir: **Glæsilegt og vel skipulagt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr á þessum eftirsóttu, fjölskylduvæna stað í Garðabænum þar sem örstutt er í skóla, íþróttasvæði og alla þjónustu.**

Um er að ræða 231 fm hús á einni hæð og þar af er bílskúr 37,4 fm. Í húsinu eru fjögur mjög rúmgóð svefnherbergi og tvö salerni. Loft-hæð er mikil og stórir gluggar. Milli-veggir eru hlaðnir úr svo til gerðum gífuskubbum sem veita sérstaklega

góða hljóðeinangrun. Fyrir framan húsið er fallegur hellulagður upp-gangur að útidyrhúrd hússins. Beggja vegna við hellurnar eru góðir timburpallar sem snúa til suðurs með steiptum skjólveggjum. Einnig eru allar út frá stofu til norð-vesturs og út frá hjónaherbergi til norðausturs.

Eldhúsið er vel útbúið með glæsilegri hvíttri innréttingu í L auk eyju. Svart granít er á borðum. Eldhúsið einkennist af mjög miklu skápa-plássi og góðu vinnurými. Stórt spanhelluborð er í eyju með fallegum hvítum Elica-háfi yfir frá Eirvík. Stofa og borðstofa eru í opnu rými með fallegu eikarplankaparketi á gólfi og einstaklega góðri lofthæð.

Stórir gluggar eru í stofunum og útgengi. Frá forstofu er komið inn á mjög rúmgott hol með góðri loft-hæð sem er tilvalið t.d. fyrir sjón-varpið. Fallegt eikarplankaparketi er á gólfi og góður gluggi. Tvö glæsileg baðherbergi eru í húsinu. Hjónaherbergi er með fataherbergi.

Bílskúrinn er mjög rúmgóður með góðum gluggum og flisum á gólfi. Bílskúrshúrd er með sjálfvirkum rafmagnshurðaoþnara. Hitaveita, heitt og kalt vatn og rafmagn. Opið hús verður að Túnfit 4 á morgun, 17. janúar, kl. 17.30 til 18.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdis Rafnsdóttir sölustjóri, gsm 820-2222 eða hafdis@fstorg.is



Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 7744 | www.valholl.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum viðsvegar um landið:



TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
kjoreign@kjoreign.is

Opunartími mán-fös kl. 9-17

Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is



Dan V.S. Wiium
hdl, löggiltur fasteignasali,
sími 896-4013



Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími 896-4090



Þórarinn Friðriksson
löggiltur fasteignasali,
sími 844-6353



Sigurbjörn Skarphéðinsson
löggiltur fasteignasali, skjalagerð.




Rakel Eydal,
ritari



Ásta Benónýsdóttir
löggiltur fasteignasali,
sími 897-8061

Lindargata - til leigu




TIL LEIGU

Lindargata 33-leiga

Glæsileg horníbúð á 4. hæð í lyftuhúsi með þaksvölum. Þakgarður með geymslu fylgir íbúðinni, einnig aðrar svalir. Stofur, sjónvarpsstofa, vinnuherbergi, hjónaherbergi og geymsla í kjallara. Gott stæði í bílageymslu fylgir. Íbúðin er leigð með húsgögnum.

Leiguverð er kr. 360.000,- á mánuði.-


Einbýli - Opið hús



Klyfjasel 20, 109-Rvík.

Opið hús miðvikud. 18.01.2017 frá kl: 17.00 til 17.30, Áhugasamir velkomnir. Einbýlish. sem er tvær hæðir og rishæð, innb. bílskúr. Möguleikar á byggingu aukabílsk. og hesthúss. Neðsta hæðin er steipt og miðhæð og rishæð er timbur. Lýsing, neðsta hæðin. Forstofa, forstofuherb., hol, herbergi, sturtubaðherb., bílskúr og geymslur. Miðhæðin. stofur, eldhús, herbergi, þvottah. og svalir. Rishæðin. Sjónvarpsstofa, svalir, þrjú svefnherb. og baðherb. Verð: 67,8 millj.

Sérhæð - Seltjarnarn.



Melabraut 4-Seltjarnarnes

Melabraut 4, sérhæð með sérinngangi. 3-4 svefnherbergi, tvennar svalir og geymsla/herbergi á jarðhæðinni. Góð bílastæði eru inn á lóðinni og tilheyrir eigninni heimild fyrir byggingu bílskúrs. Íbúðin er laus við kaupsamning verð 54.6 millj.

5-6 herbergja



Flyðrugrandi 10, 107-Rvík.

Rúmgóð og hugguleg 4ra til 5 herbergja endaíbúð á 4. hæð ásamt sérbyggðum bílskúr. Stærð alls 154,0 fm. Tvennar svalir, gott útsýni. Inngangur í húsið er frá 2.hæð. Laus fljótlega. Verð 56,0 millj.

2ja herbergja.



Kleppsvegur 30 - 1. hæð.

Góð 2ja herbergja íbúð á 1. hæð, 57,3 fm. Húsið er allt klætt og einangrað að utan fyrir 2-3 árum síðan. Skipulag. Stofa, herbergi, eldhús, þvottahús í kjallara ásamt sérgeymslu og hjóla og vagnageymslu. Snýrtileg sameign. Verð 27,5 millj.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisli@fastmark.is



Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Höfum fjölda kaupenda að 2ja og 3ja herbergja íbúðum á höfuðborgarsvæðinu.

Skoðum og verðmetum samdægurs.

Hafðu samband.

Breiðahvarf 4 – Kópavogi Einbýlishús og gestahús m.m. – frábær staðsetn.



Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Fallegt 180,6 fm. einbýlishús á einni hæð auk 26,7 fm. gestahúss og 26,7 fm. sérstæðs bílskúrs. Auk þessa er á lóðinni 94,7 fm. sérstætt steinsteyppt hús byggt árið 1996, nýtt sem safn í dag. Samtals 328,7 fm. að stærð á frábærum stað á Vatnsenda í Kópavogi. Einbýlishúsið skiptist í forstofu, herbergi með snyrtingu inn af, eldhús, borðstofu, svefn-gang, baðherbergi, 4 svefnherbergi og stóra stofu með arni. Lóðin er 2.254,0 fm. að stærð, vel gróin.

Verð 82,9 millj.

Hæðarbyggð - Garðabæ



Fallegt og þó nokkuð endurnýjað 294,3 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðöldum 57,3 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr á útsýnisstað í Garðabæ. Fjögur rúmgóð barnaherbergi, stórt eldhús með káminu, glæsileg stofa með fallegu útsýni og stórum arni, hjónasvíta með fataherbergi og baðherbergi innaf. Hús að utan í góðu ástandi og falleg ræktuð lóð með veröndum til suðurs og hellulagðri innkeyrslu og stéttum með hitalögnum undir. Útidyrhúrdír í húsinu eru allar nýlegar og úr harðviði.

Eignin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 107,0 millj.

Laugarásvegur



Fallegt og vel skipulagt 269,5 fm. einbýlishús á tveimur hæðum auk um 50,0 fm. óskráðs rýmis á neðri hæð hússins við Laugardalinn í Reykjavík. Stórt hol með útgengi á svalir til suðurs. Rúmgóðar samliggjandi stofur. Fjögur rúmgóð herbergi, þar af eitt mjög stórt sem hægt er að skipta upp í tvö herbergi. Baðherbergi og gestasalerni eru nýlega endurnýjað. Lóðin er með hellulagðri innkeyrslu með hitalögnum undir og hellulagðri og flíslagðri stétt fyrir framan húsið.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð á eftirsóttum stað við Laugardalinn.

Verð 98,9 millj.

Rituhólar – frábær útsýnisstaður



Vel skipulagt um 450 fm. einbýlishús með auka 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins.

Húsið stendur á frábærum útsýnisstað við Elliðaárdalinn. Þrjár samliggjandi stofur með mikilli lofthæð. Fallegur arinn er í arinstofu. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stórt fjölskyldurými. Auðvelt er að sameina aukaíbúðina húsinu ef vill. Tvöfaldur bílskúr.

Lóðin er 850,0 fm að stærð með steypum bomanite veröndum.

Verð 94,9 millj.

Vesturgata



Fallegt 150,5 fm. einbýlishús sem er hæð og ris auk séríbúðar í kjallara.

Húsið er byggt árið 1882 og stendur á 498,0 fm. eignarlóð. Upprunlegir bitar í loftum og fallegar innihúrdír. Gluggasetning, loftlistar og panel klæddir veggir gefa húsinu mikinn sjarma. Tvær rúmgóðar stofur með gluggum til suðurs og er möguleiki að nýta aðra sem þriðja svefnherbergið. Frábær staðsetning miðsvæðis í borginni.

Verð 69,9 millj.

Urðarhvarf 14 - Kópavogi. Til leigu verslunar- og skrifstofuhúsnæði.



Vel staðsett skrifstofu- og verslunarhúsnæði við Urðarhvarf 14 í Kópavogi. Húsið stendur á miklum útsýnisstað þar sem horft er m.a. út á sundin, að Esjunni og yfir efri hluta Elliðaárdals. Aðkoma að húsinu er góð og næg bílastæði á lóð og í bílarkjallara hússins.

Tvær efstu hæðirnar (5. og 6. hæð) eru komnar í útleigu. Tvær lyftur eru í húsinu.

Lausar hæðir til útleigu eru eftirfarandi:

1. hæð, verslunar- og þjónusturými: 858,9 fm.
2. hæð, skrifstofurými: 900,5 fermetrar.
3. hæð, skrifstofurými: 900,4 fermetrar.
4. hæð, skrifstofurými: 900,4 fermetrar.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Skemmuvegur -Kópavogi.



320 fm. atvinnuhúsnæði við Skemmuveg 16 sem skiptist í 3 iðnaðarbil, sem hvert um sig er með sér innkeyrsludryrum og gönguhurð. 3ja fasa rafmagn er í öllum bilum.

Úr öllum bilum er neyðarútgangur með eldvarna-hurðum.

Malbikað plan og athafnasvæði fyrir framan innkeyrslu/ athafnasvæði í öll bilin án hitalagna.

Verð 72,9 millj.



LUNDUR 5 – KÓPAVOGI

NÝTT OG GLÆSILEGT FJÖLBÝLISHÚS

Glæsilegt 11 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 5 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja frá 120,5 fermetrum upp í 194,4 fermetra og verða afhendar með vönduðum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í maí / júní 2017.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gyfja og Gunnars.

LANGALÍNA 20 - 28, SJÁLANDI GARÐABÆ

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða áklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhentar með vonduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vonduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



OPIÐ HÚS
Í DAG

FAGRIVAMMUR 16



Fagrihvammur 16- Hafnarfirði.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Glæsilegt 227,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum innbyggðum 41,0 fm. bílskúr á falllegum útsýnisstað í Hafnarfirði. Húsið var allt endurnýjað á smekklegan hátt fyrir 10 árum og sá Rut Káradóttir innanhúsarkitekt um innanhúshönnun. Möguleiki er að gera séríbúð á neðri hæð hússins. Tækningar fyrir 55 fm. stækun á stofu til suðurs fylgja með eigninni. Staðsetningin er afar góð rétt ofan við Suðurbæjarlaug í Hafnarfirði. Útsýni frá eigninni er glæsilegt út á sundin, að Reykjaneskag-anum, Snæfellsnesi og Akrafjalli til norðurs og fjallgarðanna á Reykjanesi og allt að Bláfjöllum til suðurs.

Verð 79,9 millj.

OPIÐ HÚS
ÞRIÐJUDAG

LERKIÁS 12



Lerkiás 12 - Garðabæ. Glæsilegt parhús.

Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega glæsilegt og vel staðsett 191,0 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 27,8 fm. bílskúr í Garðabæ. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing er í loftum í stórum hluta hússins. Samliggjandi stofur með útgengi á stóra afgirta víðarverönd og þaðan á tyrfaða flöt. Þrjú svefnherbergi. Sjónvarpsstofa með útgengi á svalir til suðvesturs. Afar vel staðsett eign við opið óbyggð svæði og frá henni nýtur fallegs útsýnis. 80,0 fm. afgirt víðarverönd til vesturs, norðurs og austurs og góð aðkoma með stórrí hellulagðri upphitaðri innkeyrslu, sem rúmar allt að 6 bíla.

Verð 83,9 millj.

Kórar, Hvörf eða Ping – Kópavogi

Sérhæð eða 4ra – 5 herbergja íbúð í fjölbýli óskast fyrir traustan kaupanda

4RA HERBERGJA



TÚNGATA. EFRI HÆÐ.

3ja - 4ra herbergja 105,2 fm. efri hæð í tvíbýlishúsi að meðtöldri 7,1 fm. sér geymslu í kjallara. Hæðin skiptist í hol, rúmgóða stofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi. Íbúðinni fylgir 19,5 fm. sér íbúðarherbergi í kjallara með aðgengi að salerni, eldhúsi og sturtu, sem eru sameiginleg með neðri hæð hússins. Geymslur er yfir íbúðinni og er það einangrað. Verið er að skipta um allt gler og glugga í kjallara og verður þeim framkvæmdum lokið fyrir afhendingu eignarinnar.

55,0 millj.

2JA HERBERGJA



GRETTISGATA 13.

Vel staðsett 51,3 fm. íbúð á 1. hæð í góðu steinsteyptu húsi við Grettisgötu. Mikil lofthæð er í íbúðinni og sameiginleg frágengin hellulagð lóð með 5 öðrum íbúðum. Innangangur er sameiginlegur með tveimur öðrum íbúðum í þessum hluta hússins. Íbúðin er laus til afhendingar strax.

24,9 millj.

4RA HERBERGJA



RJÚPUFELL.

Góð 110,4 fm. íbúð á 3. hæð að meðt. sér geymslu við Rjúpufell. Svalir til vesturs eru yfirbyggðar með nýlegu opnanlegu gluggakerfi. Þrjú góð herbergi. Rúmgóð stofa. Þvottaherbergi innan íbúðar. Íbúðin er nýmáluð.

34,9 millj.

3JA HERBERGJA



KLAPPARSTÍGUR.

Virkilega fallleg 67,1 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu. Góðar svalir til suðurs og gluggar til suðurs. Falllegt útsýni er út á sundin til suðurs úr eldhúsi og svefnherbergi. Íbúðin er öll með aukinni lofthæð og falllegum loftlistum. Upprunalegir hurða- og gluggakarmar gefa íbúðinni mikinn svip. Fyrir um 10 árum síðan fóru fram miklar endurbætur á húsinu að utan undir handleiðslu Húsfriðunarnefndar sem fengu viðurkenningu frá Reykjavíkurborg árið 2006.

38,7 millj.

SUMARHÚS



HÚSAFELL – SUMARHÚS

Fallegt sumarhús í Húsafelli, Borgarbyggð, byggt árið 1990. Bústaðurinn stendur á 1.200 fm. leigulöð og er 67,1 fm. ásamt 13,5 fm. gufubaðshúsi sem er ófullgert að hluta. Svefnloft er yfir hluta bústaðarins. Nýlegt harðparket er á gólfum. Miklar timburverandir eru við bústaðinn með skjólveggjum.

2JA HERBERGJA



HVASSALEITI 58. ELDRI BORGARAR

77,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. tveimur sér geymslum. Svalir til suðvesturs út af stofu. Mikil sameign og þjónusta er í húsinu. Á jarðhæð er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar og þar er boðið uppá ýmsa þjónustu t.d. heitan mat í hádeginu, hárgreiðslu, fótaaðgerðastofu o.fl. Íbúðin er öll nýmáluð og ný teppi á stofu, ásamt því að nýlegt myndyrasmakerfi er í húsinu. Íbúðin er laus til afhendingar strax.

44,9 millj.

ORLOFSHÚS



ORLOFSHÚS Í HLÍÐARFJALLI – AKUREYRI

Nýtt orlofshús á frábærum útsýnisstað í Hálöndum Akureyri. Húsið er á einni hæð 108,7 fm. að stærð, staðsteypt, einangrað að utan og klædd liggjandi báruklæðningu. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og er gístmöguleiki fyrir alla átta manns. Vandað parket er á öllum gólfum og vonduð tæki í baðherbergjum og eldhúsi. Frábær staðsetning í nágrenni við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli

37,0 millj.

4RA HERBERGJA



LUNDUR 25 – KÓPAVOGI.

